

3. apríl 2000.

Umsagnir um frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla

*Eftirfarandi er samantekt á umsögnum sem félagsmálanefnd hafa borist um frumvarpið.
Skjalið er vinnuskjal félagsmálanefndar og ekki ætlað til dreifingar.*

I. KAFLI

Markmið og gildissvið laganna.

1. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Allir einstaklingar skulu eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kynferði. Markmiði þessu skal náð með því að:

- a. gæta jafnréttissjónarmiða á öllum sviðum samfélagsins,
- b. vinna að jöfnum áhrifum kvenna og karla við ákvarðanatöku og stefnumótun í samfélaginu,
- c. gera bæði konum og körlum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf,
- d. bæta sérstaklega stöðu kvenna og auka möguleika þeirra í samfélaginu,
- e. efla fræðslu um jafnréttismál,
- f. greina tölfræðiupplýsingar eftir kyni,
- g. efla rannsóknir í kynjafræðum.

Kennaraháskóli Íslands:

Eitt af markmiðunum (f) er að greina tölfræðiupplýsingar eftir kyni. Spurning vaknar um hvort þetta sé ekki frekar leið að markinu sem gæti þá verið: ***afla upplýsinga um mun á ástæðum og viðhorfum karla og kvenna*** - með því að greina tölfræðiupplýsingar eftir kyni. (Sbr. athugasemdir við 1. gr. seinustu mgr. bls. 11).

Karlanefnd Jafnréttisráðs:

Karlanefnd er þeirrar skoðunar að það sé óheppilegt í markmiðssetningunni (d lið) að tala sérstaklega um að bæta stöðu kvenna. Heppilegra hefði verið að tala um að bæta stöðu hvors kyns um sig þar sem á það hallar. Ástæða þessa er meðal annars sú að Karlanefnd telur að verði ekki gripið til aðgerða til að auka þátttöku karla í umönnun barna og heimilis- og

*Frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.
vinnuskjal félagsmálanefndar - ekki til dreifingar.*

fjölskyldustörfum, sé tómmt mál að tala um verulega breytingu til bóta á stöðu kvenna. Nefndin er þó vel meðvituð um að slíkar sérstakar aðgerðir muni í flestum tilfellum miða að því að bæta stöðu kvenna.

II. KAFLI
Stjórnsýsla.

2. gr.

Yfirstjórn.

Félagsmálaráðherra fer með framkvæmd laga þessara nema annars sé sérstaklega getið. Í umboði ráðherra annast Skrifstofa jafnréttismála stjórnsýslu á því sviði sem lögin ná til.

Karlanefnd Jafnréttisráðs:

Karlanefnd telur að jafnréttismál ættu að heyra undir forsætisráðuneytið.

3. gr.

Skrifstofa jafnréttismála.

Ráðherra skipar framkvæmdastjóra Skrifstofu jafnréttismála til fimm ára í senn. Framkvæmdastjóri annast daglega stjórn skrifstofunnar og ræður starfsfólk hennar.

Verkefni sem Skrifstofa jafnréttismála annast í umboði félagsmálaráðherra eru meðal annars að:

- a. hafa eftirlit með framkvæmd laganna,
- b. sjá um fræðslu og upplýsingastarfsemi,
- c. veita stjórnvöldum, stofnunum, fyrirtækjum, einstaklingum og félögum ráðgjöf,
- d. koma ábendingum og tillögum um aðgerðir um jafnréttismál á framfæri við félagsmálaráðherra, Jafnréttisráð og önnur stjórnvöld,
- e. auka virkni í jafnréttismálum, m.a. með aukinni aðild karla að jafnréttisstarfi,
- f. fylgjast með þjóðfélagsþróuninni í jafnréttismálum, m.a. með upplýsingaöflun og rannsóknnum,
- g. veita jafnréttisnefndum, jafnréttisráðgjöfum og jafnréttisfulltrúum sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja aðstoð,
- h. vinna önnur verkefni í samræmi við markmið og gildissvið laganna samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.

Opinberum stofnunum, atvinnurekendum og félagasamtökum er skylt að veita Skrifstofu jafnréttismála hvers konar almennar upplýsingar sem nauðsynlegar eru starfsemi hennar.

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja:

Samkvæmt 3. gr. frumvarpsins skipar félagsmálaráðherra framkvæmdastjóra Skrifstofu jafnréttismála og annast skrifstofan verkefni í umboði félagsmálaráðherra. Í umsögn BSRB um frumvarp til jafnréttislaga, 498. mál, dags. 21. febrúar 1999, telur BSRB það réttara að auka sjálfstæði Skrifstofu jafnréttismála gagnvart félagsmálaráðherra þar sem framgangur jafnréttismála getur stangast á við pólitískan vilja ráðherrans og leggur BSRB áfram áherslu á það í þessari umsögn.

Ef það yrði hins vegar vilji Alþingis að gera Skrifstofu jafnréttismála að stofnun sem heyri undir félagsmálaráðherra og setja á fót Jafnréttisráð sem vinni að jafnrétti á vinnumarkaði, þarf að skilgreina hlutverk þess betur. Það þarf að kveða á um hvar það skal vistað, hvernig það skal starfa og fá því sérgreint fjármagn svo það geti farið í aðgerðir eins og t.d. launakönnun, sbr. þá sem unnin var fyrir nokkrum árum. Þá þarf líka að tryggja aðkomu hins nýja Jafnréttisráðs að

*Frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.
vinnuskjal félagsmálanefndar - ekki til dreifingar.*

gerð þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum, sbr. 9. gr. Verði þetta gert getur Jafnréttisráð orðið sú grasrótahreyfing sem í reynd mótar stefnu í jafnréttismálum, sérstaklega á vinnumarkaði.

Jafnréttisráðgjafi Hafnarfjarðarbæjar:

Í 2. og 3. grein frumvarpsins er kveðið á um hlutverk skrifstofu jafnréttismála. Mjög er til bóta að verkefni skrifstofu jafnréttismála séu skilgreind. Sú breyting er gerð að í stað þess að skrifstofan sé skrifstofa jafnréttisráðs og kærunefndar heyrir hún samkvæmt frumvarpinu beint undir félagsmálaráðherra. Verkefnum hennar fjölgar miðað við núgildandi lög, jafnframt því sem verksvið jafnréttisráðs er takmarkað við vinnumarkaðinn. Það er álit jafnréttisráðgjafa og jafnréttisnefndar Hafnarfjarðar að betri leið til þess að efla jafnréttisstarf í landinu sé að efla jafnréttisráð og kærunefndina jafnframt því sem sjálfstæði skrifstofu jafnréttismála sé tryggt. Að jafnréttisráð, skrifstofa jafnréttismála og kærunefnd annist stjórnarsýslu á sviði laganna í umboði ráðherra. Jafnframt því sem kærunefndinni verði gefið úrskurðarvald verði skrifstofu jafnréttismála gefið vald til þess að taka ákvarðanir til bráðabirgða um einstök mál sem varða brot á jafnréttislögum. Ráðherra skipi framkvæmdastjóra skrifstofu jafnréttismála til fimm ára í senn að fenginni umsögn jafnréttisráðs. Þá bendum við á að í umsögn fjármálaráðuneytis er talað um að útgjaldaauki ríkissjóðs verði aðeins 0,5 – 1 m. króna á ári vegna frumvarpsins, sem vekur upp efasemdir um að skrifstofu jafnréttismála verði gert kleift að sinna viðameira hlutverki.

Jafnréttisráð:

Jafnréttisráð hefur ítrekað lagt áherslu á nauðsyn þess að skilgreint verði í lögum annars vegar hlutverk Skrifstofu jafnréttismála og hins vegar Jafnréttisráðs og er það gert í frumvarpi þessu. Jafnréttisráð telur að Skrifstofa jafnréttismála eigi að hafa sömu stjórnarsýslulegu stöðuna og aðrar stofnanir hins opinbera. Á undarförum árum hafa verið lögfest ákvæði um réttarstöðu forstöðumanna og stofnana innan stjórnarsýslunnar og reglur settar um ábyrgð gagnvart fagraðherra og ríkisstjórn í heild. Mikilvægt er að enginn vafi leiki á að þessari stofnun er ætlað sama lagaumbhverfi og öðrum stofnunum ríkisins. *Því leggur ráðið til að orðin "annast í umboði ... " falli brott í 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins.*

Þá leggur meirihluti Jafnréttisráðs til að eitt af hlutverkum Skrifstofu jafnréttismála verði að leita sátta milli einstaklinga og atvinnurekenda eins og lagt var til í frumvarpinu sem lagt var fram á Alþingi á haustþingi. Á sama hátt geti kærunefnd jafnréttismála, að höfðu samráði við málsaðila, vísað máli til skrifstofunnar til sáttameðferðar en slíkt ákvæði var að finna í 5. gr. þess frumvarps sem lagt var fram á haustþingi 1999. *Því er lagt til að nýr liður bætist við 3. mgr. 3. gr. sem orðist svo:*

** leita sátta milli einstaklinga eða hópa annars vegar og fyrirtækja eða stofnana hins vegar í ágreiningsmálum sem skrifstofunni berast og varða ákvæði laga þessara.*

Fulltrúi Kvenréttindafélags Íslands situr hjá við þennan þátt umsagnarinnar. Fulltrúi Samtaka atvinnulífsins er mótfallinn þessari breytingu.

Jafnréttisnefnd Kópavogs:

Frumvarpið gerir ráð fyrir verulegum breytingum á stöðu og starfsemi Skrifstofu jafnréttismála, sem lúta m.a. að því að skrifstofan verði sjálfstæður fagaðili á sviði jafnréttismála. Jafnréttisnefnd Kópavogs fagnar þessum breytingum en telur hæpið að það stjórnarsýsluhlutverk sem Skrifstofunni er jafnframt ætlað að gegna, muni fara saman við faglegan starfshluta hennar.

*Frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.
vinnuskjal félagsmálanefndar - ekki til dreifingar.*

Reykjavíkurborg - Jafnréttisráðgjafi:

Undirrituð telur ákvæði frumvarpsins sem lúta að breytingum á stjórnábyrgingum stöðu skrifstofu jafnréttismála og auknum verkefnum hennar til bóta. Fram að þessu hefur skrifstofa jafnréttismála heyrð undir Jafnréttisráð, skipað fulltrúum hagsmunasamtaka, þar sem samtök á vinnumarkaði hafa vegið þungt. Á síðustu árum hefur nokkuð borið á þeirri gagnrýni að vegna skipunar ráðsins hafi málaflokkurinn hvorki notið kosta þess að lúta sjálfstæðri stjórn sem geti verið til þess fallin að veita sterkt og gagnrýnið aðhald í jafnréttismálum og sinna málaflöknum af þreki og framsýni, né kosta þess að vera hluti af framkvæmdavaldinu. Með þeim breytingum sem frumvarpið gerir ráð fyrir eru gefin fyrirheit um að skrifstofa jafnréttismála eflist og samstarf hennar við önnur ráðuneyti styrkist. Hinsvegar ber einnig að skoða vilja stjórnvalda til að efla starfsemi skrifstofu jafnréttismála í ljósi þess mats fjármálaráðuneytisins að aukið hlutverk skrifstofunnar muni einvörðungu leiða til 0,5 til 1,0 mkr. kostnaðarauka fyrir ríkissjóð. Að mati undirritaðrar er þetta mikið vanmat á þeim mannafla sem aukið hlutverk skrifstofunnar krefst, eigi hún að valda því svo vel sé og meiru sé ekki lofað en tækifæri er til að efna. Vegur hér þungt að til skrifstofu jafnréttismála hlýtur að verða leitað varðandi ráðgjöf til fyrirtækja um gerð jafnréttisætlana skv. 13. gr., eins og nánar verður komið að síðar, en einnig má ætla að þörf jafnréttisfulltrúa ráðuneyta fyrir fræðslu, sérfræðiþjónustu og samstarf við skrifstofuna sé mikil eigi fulltrúarnir að vera í stakk búnir til að gegna hlutverki sínu með sóma.

Jafnréttisnefnd Háskóla Íslands og Rannsóknastofa í Kvænnafræðum:

Umsagnaraðilar fagna því að skrifstofa jafnréttismála verði gerð að stofnun og að henni verði falið að hafa eftirlit með jafnréttislögunum. Hins vegar verður ekki séð að henni sé gert kleift að afla nauðsynlegra upplýsinga í því skyni, sbr. síðustu málsgrein þar sem segir að opinberum stofnunum, atvinnurekendum og félagasamtökum sé skylt að veita skrifstofunni „almennar upplýsingar.“ Því er lagt til að orðið „almennar“ verði fellt út þar sem talað er um upplýsingaöflun stofnunarinnar.

Að auki er það alvarlegur annmarki á greininni að skrifstofunni eru ekki fengin nein úrræði ef brotið er á þessum ákvæðum laganna.

Í fyrstu mgr. þriðju greinar er tekið fram að Skrifstofa jafnréttismála muni annast stjórnábyrgingum á því sviði sem lögin ná til í umboði félagsmálaráðherra. Umsagnaraðilar telja hins vegar nauðsynlegt að stjórnvöld hafi sjálfstæðan aðila sér til ráðgjafar í stefnumótun á sviði jafnréttismála.

Sjá minnisblað með almennum athugasemdum frá félagsmálaráðuneyti, bls. 2.

4. gr.

Kærunefnd jafnréttismála.

Félagsmálaráðherra skipar kærunefnd jafnréttismála. Nefndarmenn skulu skipaðir til þriggja ára í senn. Ráðherra skipar einn án tilnefningar en Hæstiréttur tilnefnir tvo, formann og varaformann nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Nefndarmenn skulu vera lögfræðingar.

Verkefni kærunefndar jafnréttismála er að taka til meðferðar og gefa skriflegt rökstutt álit um hvort ákvæði laganna hafi verið brotin. Niðurstöður kærunefndar sæta ekki kærú til æðra stjórnvalds.

Þegar um er að ræða mál sem ætla má að geti haft stefnumarkandi áhrif á vinnumarkaðinn í heild skal kærunefnd leita umsagnar frá heildarsamtökum launþega og viðsemjendum þeirra áður en álit er gefið.

*Frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.
vinnuskjal félagsmálanefndar - ekki til dreifingar.*

Nú telur kærunefnd jafnréttismála að ákvæði laga þessara séu brotin og skal hún þá beina rökstuddum tilmælum um úrbætur til hlutaðeigandi aðila.

Aðilar geta lagt ágreining sinn fyrir dómstóla með venjulegum hætti.

Kærunefnd jafnréttismála skal árlega gefa út álit sín.

Kostnaður við starfsemi nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði. Félagsmálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um störf kærunefndar og skrifstofuhald.

Mannréttindaskrifstofa Íslands:

Með öllu er fallið frá því að efla starfsemi kærunefndar jafnréttismála. Hún verður eftir sem hingað til eingöngu álitsefandi nefnd án úrskurðarvalds. Það sem er þó enn verra; henni er ekki lengur heimilt að höfða mál fyrir dómstólum til viðurkenningar á rétti kæranda í samráði við hann svo sem segir í 21. gr. núgildandi laga, það verða aðilar að gera sjálfir. Má búast við, að þetta muni - vegna kostnaðar við málaferli - draga verulega úr viðleitni einstaklinga til að leita réttar síns, bæði fyrir nefndinni og fyrir dómstólum. Einkum má búast við tregðu til að láta á löggin reyna þar sem verulegur vafi leikur á um hver niðurstaðan gæti orðið.

Athugavert er einnig, að í nýja frumvarpinu er felld niður rannsóknarskylda kærunefndar. Vitað er, að til þessa hefur verið svo slaklega búið að nefndinni, að hún hefur ekki haft nægileg tök á að sinna þessari skyldu sem skyldi. Hefði verið æskilegra að efla starf nefndarinnar að þessu leyti í stað þess að veikja hana umfram það sem nú er.

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja:

Í 4. gr. frumvarpsins er kveðið á um kærunefnd jafnréttismála. Þar er lagt til að kærunefndin verði áfram sjálfstæð stjórnáskrifstofa sem gefi álit um ágreiningsefni málsaðila og að álit hennar verði ekki kæránleg til æðra stjórnvalds.

BSRB telur nauðsynlegt að kærunefnd jafnréttismála fái úrskurðarvald í ágreiningsefnum málsaðila.

Jafnréttisráð:

Meirihluti Jafnréttisráðs tekur ekki afstöðu til þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á frumvarpinu frá fyrra frumvarpi varðandi hlutverk og stöðu kærunefndar jafnréttismála. Fulltrúi ASÍ vísar hins vegar til umsagnar Alþýðusambandsins um afstöðu sína varðandi þetta atriði. Meirihluti ráðsins telur hins vegar með öllu ófært að lagt skuli til að fella brott ákvæði gildandi laga um málshöfðunarheimild og skaðabótaskyldu. **Er lagt til að kærunefnd hafi áfram heimild til að fylgja málum eftir, fallist aðili ekki á tilmæli nefndarinnar og heimild til að krefjast bóta f.h. þess sem misgert var við. Jafnréttisráð leggst eindregið gegn því að felld séu brott ákvæði sem eru í gildandi lögum fyrir en raunverulegu jafnrétti er náð eða sýnt er fram á með faglegri úttekt að viðkomandi ákvæði sé óþarft.** Fulltrúi Samtaka atvinnulífsins er mótfallinn þessari tillögu.

Kærunefnd jafnréttismála:

Kærunefnd jafnréttismála er skipuð þremur lögfræðingum, þ.a. tveimur samkvæmt tilnefningu frá Hæstarétti Íslands. Málsmeðferð fyrir nefndinni hefur þróast í þá átt að vera afar umfangsmikil og tímafrek, enda er leitast við að tryggja að öll gögn og upplýsingar sem skipt geta máli komi fram, auk þess sem aðilum er gefinn kostur á að reifa sjónarmið sín og svara rökum gagnaðila bæði skriflega og munnlega. Nefndin telur að hin erfiðu úrlausnarefni sem hún hefur til umfjöllunar kalli á svo viðamikla málsmeðferð. Störf nefndarinnar kosta

*Frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.
vinnuskjal félagsmálanefndar - ekki til dreifingar.*

umtalsvert fé. Með tilliti til framangreinds telur nefndin að vægi úrlausna hennar sé óþarflega lítið. Nefndin telur því að önnur úrræði komi fullt eins vel til greina.

Kostur 1

Til greina kemur að Skrifstofa jafnréttismála tæki til skoðunar meint brot á jafnréttislögum, aflaði gagna og gætti andmælaréttar gagnvart þeim aðila sem erindi beindist að. Málsmeðferð yrði alfarið skrifleg og álit ekki eins viðamikil og álit kærunefndar. Reynslan sýnir að þörf er á einfaldri leið til þess að fá lögfræðilegt álit á því hvort jafnréttislög hafi verið brotin. Á grundvelli álita skrifstofunnar gæti sá sem misgert hefur verið við óskað eftir að skrifstofan höfðaði mál fyrir dómstólum gegn þeim sem brotlegur er talinn eða notað álitíð sem grundvöll til að höfða slíkt mál sjálfur. Helstu rök fyrir þessari leið er að mörg af þeim úrlausnarefnum sem til nefndarinnar hafa komið eru svo flókin og viðamikil að þau væru betur komin hjá dómstólum. Dómsniðurstöður hafa auk þess allt önnur og meiri réttaráhrif en álit kærunefndar. Sparnaður sem hlytist af því að leggja Kærunefnd jafnréttismála niður ætti að skapa svigrúm til að höfða nokkur stefnumarkandi dómsmál árlega.

Kostur 2.

Með því að breyta kærunefnd jafnréttismála í úrskurðarnefnd, eins og lagt var til í frumvarpi sem lagt var fram á síðasta þingi, yrði niðurstöðum slíkrar nefndar gefið aukið vægi. Málsaðili sem féllist ekki á niðurstöðu slíkrar nefndar gæti að sjálfsgöðu borið úrskurð nefndarinnar undir dóm. Með þessari breytingu yrði tryggt að gagnaöflun málsaðila, rannsóknarskylda nefndarinnar og sú vinna að öðru leyti sem fram fer fyrir nefndinni, nýttist örugglega fyrir dómstólum sem þá dæmdu um gildi úrskurða nefndarinnar. Rök gegn þessari leið eru þau helst að viðtæk samstaða var um það hér á landi um langt skeið að leggja niður sérdómstóla. Á síðustu árum hafa hins vegar ýmsar úrskurðarnefndir verið stofnsettar. Hinir almennu dómstólar eru þær stofnanir þjóðfélagsins sem sérstaklega hefur verið falið að skera úr ágreiningi. Dómarar eru sjálfstæðir í störfum sínum og ítarlegar réttarfarsreglur, sem mótaðar hafa verið af fjölda dóma, setja traustan ramma um málsmeðferðina. Úrskurðarnefnd eins og þeirri sem hér um ræðir svipar um margt til sérdómstóls og er því vart í anda framangreindrar löggjafarstefnu.

3. Um málshöfðunarheimild.

Í frumvarpinu er lagt til að ákvæðið um málshöfðunarheimild nefndarinnar verði fellt brott. Kærunefnd telur ekki æskilegt að nefndin sjálf hafi málshöfðunarheimild. Hennar afskiptum ætti að vera lokið þegar rökstutt álit liggur fyrir. Hins vegar er mikilvægt að þeim sem brotið er gegn verði áfram auðveldað að leita réttar síns, þegar ekki er fallist á tilmæli nefndarinnar. Því er lagt til að Skrifstofa jafnréttismála hafi heimild til málshöfðunar fyrir almennum dómstólum á grundvelli álitsgerða nefndarinnar, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Þau skilyrði kæmu fram t.d. í reglugerð.

Í 5. mgr. 4. gr. frumvarpsins er tilgreint að aðilar geti lagt ágreining sinn fyrir dómstóla með venjubundnum hætti. Ákvæðið er algerlega óþarft þar sem réttur málsaðila til að skjóta ágreiningsefnum er hafinn yfir allan vafa. Mun smekklegra væri að fella ákvæðið út.

*Frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.
vinnuskjal félagsmálanefndar - ekki til dreifingar.*

Karlanefnd Jafnréttisráðs:

Karlanefnd Jafnréttisráðs þykir það verulega misráðið að skerða möguleika kærunefndar jafnréttismála til að fara með mál fyrir almenna dómstóla. Miklu frekar hugnast nefndinni sú skipan sem gert var ráð fyrir í því frumvarpi sem lagt var fyrir 123. lögjafarþingið.

Kvenréttindafélag Íslands:

KRFÍ lýsir yfir áhyggjum af því að dregið verði úr málskotsrétti kærunefndar jafnréttismála og telur að sú tilhögun vekji upp spurningar um vægi nefndarinnar.

5. gr.

Málsmeðferð fyrir kærunefnd jafnréttismála.

Einstaklingar og félagasamtök, í eigin nafni eða fyrir hönd félagsmanna, sem telja að ákvæði laga þessara hafi verið brotin á sér, geta leitað atbeina kærunefndar jafnréttismála. Kærunefnd getur enn fremur þegar sérstaklega stendur á tekið mál til meðferðar samkvæmt ábendingum annarra.

Erindi skulu berast nefndinni skriflega innan eins árs frá því að ætlað brot á lögum þessum lá fyrir eða frá því að sá er málið varðar fékk vitneskju um ætlað brot. Sé leitað rökstuðnings á grundvelli ákvæða stjórnarsýslulaga tekur fresturinn að líða þegar sá rökstuðningur liggur fyrir. Erindi telst nægjanlega snemma fram komið ef bréf sem hefur það að geyma hefur borist nefndinni eða verið póstaglaga áður en fresturinn er liðinn.

Skrifstofa jafnréttismála getur þegar sérstaklega stendur á óskað eftir að kærunefnd taki erindi til umfjöllunar.

Málsmeðferð fyrir kærunefndinni skal að jafnaði vera skrifleg en þó getur nefndin kallað málsaðila eða fulltrúa þeirra á sinn fund. Að öðru leyti fer um málsmeðferð hjá nefndinni samkvæmt ákvæðum stjórnarsýslulaga og nánari reglum sem félagsmálaráðherra setur að fengnum tillögum frá nefndinni.

Mannréttindaskrifstofa Íslands:

Þar sem flest brot á jafnréttislögum til þessa hafa smúist um misrétti milli karla og kvenna á vinnumarkaði, bæði á almennum markaði og hjá opinberum stofnunum, er hér ljóslega verið að mismuna aðilum gróflega. Þessi mál snúast alla jafna um baráttu til þess að gera lágt launaðra einstaklinga gegn fjársterkum andstæðingum, fyrirtækjum eða ríkisstofnunum, sem geta látið almenning standa straum af málskotnaði sínum. Segja má, að 1. mgr. 5. gr. vegi þarna ögn upp á móti, þar sem hún gerir ráð fyrir, að félagasamtök geti leitað atbeina kærunefndar fyrir hönd félagsmanna sinna og myndu þá hugsanlega einnig höfða dómsmál fyrir þeirra hönd. Hvorki er þó víst, að félagasamtök sjái alltaf ástæðu til þess að taka upp slík mál fyrir félagsmenn né, að umrædd brot á jafnréttislögum séu beinlínis á þeirra verksviði. Er því brýnt að málshöfðunarheimild kærunefndar verði ekki felld úr jafnréttislögum.

Nokkur ákvæði eru í nýja frumvarpinu um málsmeðferð fyrir kærunefnd og eru þau viðunandi svo langt sem þau ná. Hinsvegar væri æskilegt að samrýma réttarfarsreglur um málsmeðferð hjá hinum fjölmörgu úrskurðarnefndum og álitsnefndum, sem settar hafa verið á laggimar innan stjórnarsýslunnar á undanförunum árum, svo að tryggt sé samræmi og jafnræði í málsmeðferð. Þá verður og að telja vafasamt að úrskurðarnefndir og álitsnefndir innan stjórnarsýslunnar séu skipaðar starfandi dómurum svo sem nú tíðkast. Dómstólar og dómara eiga að vera óháðir framkvæmdavaldinu og á því byggjast launakjör þeirra. Er því óviðunandi, að dómara séu að vinna launuð störf hjá stjórnarsýslunni jafnframt dómara störfum.

*Frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.
vinnuskjal félagsmálanefndar - ekki til dreifingar.*

Jafnréttisráð:

Því er lagt til að og sem fyrri málslíður 3. mgr. 5. gr. komi:

Kærunefnd jafnréttismála getur að höfðu samráði við málshefjanda sent mál til sáttameðferðar hjá Skrifstofu jafnréttismála.

Fulltrúi Kvenréttindafélags Íslands situr hjá við þennan þátt umsagnarinnar. Fulltrúi Samtaka atvinnulífsins er mótfallinn þessari breytingu.

6. gr.

Upplýsingaöflun kærunefndar jafnréttismála.

Kærunefnd jafnréttismála skal tryggja að aðili máls eigi þess kost að tjá sig um efni máls áður en nefndin veitir álit sitt í því, enda telji nefndin að hvorki afstaða hans né rök fyrir henni liggi fyrir í gögnum málsins.

Kærunefnd jafnréttismála getur, að kröfu gagnaðila, krafist aðila um gögn sem áhrif geta haft á úrlausn máls, nema hún telji slíkt óþarft eða ónaðsynlegt.

Kærunefnd jafnréttismála getur krafist frekari gagna frá málsaðilum telji hún málið ekki nægjanlega upplýst.

Ef lögð eru fyrir kærunefnd gögn sem varða laun, önnur starfskjör eða réttindi einstaklinga skal tilkynna hlutaðeigandi að þessar upplýsingar hafi verið veittar nefndinni. Fara skal með slíkar upplýsingar sem trúnaðarmál.

Jafnréttisráðgjafi Hafnarfjarðarbæjar:

Í 4., 5. og 6. grein frumvarpsins er kveðið á um skipan kærunefndar, hlutverk hennar, málsmeðferð og upplýsingaöflun. Ákvæði 5. og 6. greinar um málsmeðferð og upplýsingaöflun kærunefndar eru til bóta og styrkja stöðu kærunefndar. Hins vegar er málshöfðunarréttur nefndarinnar skv. 21. grein núgildandi laga felldur niður í frumvarpinu. Þar sem kærunefndin hefur ekki úrskurðarvald samkvæmt frumvarpinu, heldur aðeins rétt til tilmæla sem fyrr, veikir þessi niðurfelling nefndina til muna og gerir hana í raun valdlausu. Tilgangur kærunefndar er að aðstoða þá sem telja á sér brotið skv. ákvæðum jafnréttislaga. Besta aðferðin til þess að styrkja stöðu þeirra er að veita kærunefndinni og jafnréttisráði heimild til þess að beita sektum, jafnframt því sem kærunefndinni er veitt úrskurðarvald. **Lagt er til að nafni nefndarinnar verði breytt í úrskurðarnefnd jafnréttismála, eins og lagt var til í frumvarpi til jafnréttislaga sem lagt var fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi.** Úrskurðir nefndarinnar væru aðfararhæfir, en málsaðili sem ekki vildi una úrskurði nefndarinnar gæti áfrýjað til dómstóla. Þessi breyting myndi styrkja mjög stöðu þeirra sem kæra brot á jafnréttislögum til nefndarinnar og auka líkurnar á því að farið verði eftir lögnum. Fáir kærunefnd ekki úrskurðarvald er nauðsynlegt fyrir hana að hafa málshöfðunarréttinn áfram.

Jafnréttisnefnd Kópavogs:

Kynbundin launamismunur er eitt alvarlegasta vandamál samtímans á sviði jafnrétti kynjanna. Kannanir benda eindregið til að þessi munur hafi heldur aukist hin síðari ár. Auk þess sem slík mismunur brýtur í bága við stjórnarskrárbundin réttindi þess sem fyrir henni verður, hníga veigamikil rök í þá veru að kynbundin launamismunur hafi skaðleg langtímaáhrif á efnahagslega og félagslega þróun samfélagsins. Þær breytingar sem 4. gr., 5. gr. og 6. gr. frumvarpsins gera ráð fyrir á starfhætti og málsmeðferð Kærunefndar jafnréttismála munu, að mati Jafnréttisnefndar Kópavogs, veikja til muna stöðu nefndarinnar frá því sem nú er. Má sem dæmi nefna að málskotsréttur nefndarinnar, sbr. 21. gr. núgildandi laga, hefur verið felldur burt sem og ákvæði

*Frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.
vinnuskjal félagsmálanefndar - ekki til dreifingar.*

8. gr. þar sem kveðið er á nánar um málsmeðferð nefndarinnar þegar kærur vegna stöðuveitinga eiga í hlut.

Jafnréttisnefnd Kópavogs bendir á að kærumálum til Kæruneftndar hefur farið fjölgandi. Með hliðsjón af því sem og því tilgreinda markmiði frumvarpsins að endurskoðun á núgildandi lögum skili betri árangri á sviði jafnstöðu kynjanna, telur nefndin að ofangreindar breytingar á Kæruneftnd jafnréttismála skjóti verulega skökku við. Jafnréttisnefnd Kópavogs óttast að umræddar breytingar muni óhjákvæmilega hafa þau áhrif að atvinnurekendur virði úrskurði nefndarinnar að vettugi í enn ríkari mæli en verið hefur, með alvarlegum afleiðingum fyrir stöðu kvenna á vinnumarkaði. Verði umrætt frumvarp að lögum óttast jafnréttisnefnd Kópavogs að það verði til þess að þungi kærumála færast frá Kæruneftnd jafnréttismála til almennra dómstóla sem mun óhjákvæmilega gera brotapolum erfiðara um vik að ná fram rétti sínum.

Jafnréttisnefnd beinir þeim tilmælum til Félagsmálanefndar Alþingis að endurskoða þau ákvæði frumvarpsins sem eiga við um Kæruneftnd jafnréttismála. Í þessu sambandi bendir nefndin sérstaklega á það stjórnarfrumvarp til jafnréttislaga sem lagt var fyrir 123. löggjafarþing og gerði m.a. ráð fyrir að úrskurðir Kæruneftndar jafnréttismála yrðu bindandi fyrir málsaðila, eða að þess verði gætt að Kæruneftndin standi ekki verr að vígi eftir gildistöku nýrra laga, sem hafa það að markmiði að störf að jafnstöðu kynjanna verði árangursríkari en verið hefur.

Kæruneftnd jafnréttismála:

Í 2. mgr. 6. gr. er lagt til að nefndin geti, „að kröfu gagnaðila, krafið aðila um gögn... nema hún telji slíkt óþarft eða ónauðsynlegt“. Þar sem heimildin miðast við að nefndin geti, þá er það sjálfgefið að kröfu gagnaðila yrði hafnað ef nefndin mæti gagnasöfnunina óþarfa eða ónauðsynlega. Því er lagt til að síðari hluti setningarinnar falli brott.

Alþýðusamband Íslands:

Í 4.-6. gr. frv. er fjallað um kæruneftnd jafnréttismála, sem komin er inn í stað úrskurðarneftndar jafnréttismála skv. fyrri frumvarpi. Ljóst er að samfara þessari breytingu hefur staða nefndarinnar og möguleg áhrif verið veikt til muna frá því sem var í fyrri frumvarpi, þar sem hún á nú að gefa „rökstutt skriflegt álit“ í stað þess að úrskurða um brot á jafnréttislögum.

Samhliða hefur ákvæðið er varðar rétt og möguleika kæruneftndarinnar, áður úrskurðarneftndarinnar, til að afla eða krefjast upplýsinga frá einstaka fyrirtækjum, stofnunum, félagasamtökum og öðrum um það er nauðsynlegt þykir við athugun einstakra mála, verið veikt til muna frá fyrri frumvarpsdrögum.

Það er mat Alþýðusambands Íslands að þær breytingar sem gerðar hafa verið frá fyrri frumvarpi með því að fella út úrskurðarneftndina og setja inn kæruneftnd, hliðstætt þeirri sem er í núgildandi lögum, feli í sér mikla afturför sem beri að leiðrétta, enda miklar líkur til að sú leið sem frumvarpið gerir ráð fyrir muni alls ekki þjóna því markmiði sem henni er ætlað.

Í ljósi framanritaðs leggur Alþýðusambandið ríka áherslu á að ákvæði fyrri frumvarps um úrskurðarneftnd verði tekin inn í frumvarpið áður en það verður að lögum.

Reykjavíkurborg - Jafnréttisráðgjafi:

Í 4. til 6. gr. er kveðið á um hlutverk kæruneftndar jafnréttismála, málsmeðferð og upplýsingaöflun hennar. Ákvæðin eru til bóta með þeirri veigamiklu undantekningu að heimild kæruneftndar til að höfða mál fyrir hönd kæranda samkvæmt núgildandi lögum fellur niður. Slíkt er eðlilegt sé nefndinni jafnframt veitt úrskurðarvald, en þar sem henni samkvæmt frumvarpinu er eftir sem áður aðeins ætlað að veita álit og beina tilmælum til þeirra sem hún telur hafa brotið gegn rétti kæranda,

*Frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.
vinnuskjal félagsmálanefndar - ekki til dreifingar.*

er sterklega varað við því að veikja kærunefnd að þessu leyti. Kærunefnd var sett á fót til að auðvelda þeim sem telja á sér brotið að leita réttar síns. Veiking kærunefndar leiðir til veikari stöðu þeirra sem telja sig misrétti beitta og torveldar til mikilla muna að markmiðum jafnréttis laga verði náð, enda má ætla að hvati þeirra sem nefndin telur hafa brotið gegn lögum til að verða við tilmælum nefndarinnar minnki umtalsvert ef nefndin hefur ekki málshöfðunarrétt. Verði raunin sú, sem fyrirjácnalegt er ef 4. gr. frumvarpsins verður óbreytt, er vandséð hver er tilgangur stjórnvalda með starfrækslu kærunefndar. Undirrituð telur niðurfellingu málshöfðunarréttar kærunefndar brjóta í bága við ætlaðan vilja stjórnvalda með frumvarpinu.

Verslunarmannafélag Reykjavíkur:

Kynbundin launamismunur er eitt alvarlegasta vandamál samtímans á sviði jafnrétti kynjanna. Kannanir benda eindregið til að þessi munur hafi heldur aukist hin síðari ár. Auk þess sem slík mismunur brýtur í bága við stjórnarskrárbundin réttindi þess sem fyrir henni verður, hníga veigamikil rök í þá veru að kynbundin launamismunur hafi skaðleg langtímaáhrif á efnahagslega og félagslega þróun samfélagsins. Þær breytingar sem 4. gr., 5. gr. og 6. gr. frumvarpsins gera ráð fyrir á starfsemi og málsmeðferð Kærunefndar jafnréttismála munu, að mati Verslunarmannafélags Reykjavíkur, veikja til muna stöðu Kærunefndar frá því sem nú er. Má sem dæmi nefna að málskotsréttur nefndarinnar, sbr. 21. gr. núgildandi laga, hefur verið felldur burt sem og ákvæði 8. gr. þar sem kveðið er á nánar um málsmeðferð nefndarinnar þegar kærur vegna stöðuveitinga eiga í hlut. Að öllu samanlögðu fær Verslunarmannafélag Reykjavíkur ekki annað séð en að Kærunefnd jafnréttismála muni standa verr að vigi, verði frumvarpið að lögum, á sama tíma og kærumálum til hennar fer fjölgandi.

Verslunarmannafélag Reykjavíkur bendir á að lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla geta haft bein áhrif á samkeppnisstöðu fyrirtækja, sér í lagi sá hluti löggjafarinnar sem snýr að ákvæðum um launajafnrétti kynjanna. Það er af þeim sökum afar brýnt að stjórnvöld tryggi brotapolum skilvirk úrræði, á svipaðan hátt og gert er þegar brot á samkeppnislögum eiga í hlut. Við þetta má bæta að fyrirhugaðar breytingar á Kærunefnd jafnréttismála eru líklegar til að beina kærumálum í auknum mæli til dómstóla, þar sem að nefndinni er einungis ætlað að gefa rökstutt álit. Slík álit bætir í engu stöðu brotþola sem þarf að sækja mál sitt fyrir dómstólum eftir sem áður. Kærunefndin verður því millstig sem hefur þunga málsmeðferð, sem kostar bæði peninga og tekur langan tíma án þess að skila neinu í raun. Verslunarmannafélag Reykjavíkur getur ekki séð að þess konar málsmeðferð verði brotapolum til framdráttar og mun félagið ekki hvetja félagsmenn sína til að fara þá leið. Ef fólk telur á sér brotið verður það að leita til dómstóla. Sú leið hefur þá annmarka að hún er kostnaðarsöm fyrir launþega, tekur langan tíma og leiðir oftast til að fólk hrökklast úr starfi. Að framansögðu má leiða líkur á því að fólk láti hjá líða að leita réttar síns.

Verslunarmannafélag Reykjavíkur tekur undir hugmyndir sem áður hafa komið fram um að styrkja frekar kærunefnd þannig að úrskurðir hennar verði bindandi sem einungis yrði hnekkt af dómstólum. Með því móti yrði komið á skilvirku kerfi sem launþegar gætu leitað til ef þeir telja á rétti sínum hallað, án mikilla fjárhagsskuldbindinga. Hér má hafa til hliðsjónar ákvæði samkeppnislaga um úrlausn ágreiningsmála. Með því að styrkja úrskurði Kærunefndar í sessi, t.a.m. með að gera nefndinni kleift að ákvarða vegna brota á greinum IV. kafla frv. bótarétt á grundvelli fjártjóns og miska auk sektarákvæða, væri löggjafinn að senda skýr skilaboð frá sér um að slík brot verði tekin jafn föstum tókum og önnur þau lagabrot, sem eiga upptök sín í samkeppnishagsmunum fyrirtækja.

*Frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.
vinnuskjal félagsmálanefndar - ekki til dreifingar.*

Jafnréttisnefnd Háskóla Íslands og Rannsóknastofa í Kvennafræðum:

Það er mat umsagnaraðila að kærunefnd jafnréttismála sé ekki nægilega vel til þess fallin að ná þeim markmiðum sem að er stefnt, hvorki í núgildandi lögum né í frumvarpi þessu.

Umsagnaraðilar telja auk þess að 5. mgr., 4. gr. frumvarpsins sé afturför frá núgildandi lögum þar sem hún kveður á um að aðilar leggi ágreining sinn fyrir dómstóla með venjulegum hætti.

Að mati umsagnaraðila er nauðsynlegt að taka aftur upp 21. gr. núgildandi laga um hlutverk og störf kærunefndar jafnréttismála. Hún kveður á um að fallist aðili ekki á tilmæli kærunefndar jafnréttismála sé nefndinni heimilt að höfða mál til viðurkenningar á rétti kæranda í samráði við hann. Umsagnaraðilar telja þessa leið vænlegri til árangurs en ákvæði fimmtu málsgreinar, 4. gr. frumvarpsins.

Í þriðju málsgrein þarf að áréttá nánar heimildir kærunefndar jafnréttismála, sbr. hlutverk hennar að leita umsagnar heildarsamtaka launþega og viðsemjenda þeirra áður en álit er gefið um tiltekið mál.

Sjá minnisblað með almennum athugasemdum frá félagsmálaráðuneyti, bls. 6.

7. gr.

Jafnréttisráð.

Eftir hverjar alþingiskosningar skipar félagsmálaráðherra sjö manna Jafnréttisráð. Ráðherra skipar formann án tilnefningar, einn nefndarmann tilnefndan af Alþýðusambandi Íslands, einn tilnefndan af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, einn tilnefndan af fjármálaráðuneyti, einn tilnefndan af Háskóla Íslands, einn tilnefndan sameiginlega af Kvenfélagasambandi Íslands og Kvenréttindafélagi Íslands og einn tilnefndan af Samtökum atvinnulífsins. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Tilnefningaraðilar skulu tilnefna einn karl og eina konu til setu í Jafnréttisráði. Við skipun í ráðið skal þess gætt að hlutfall kynjanna verði sem jafnast.

Kostnaður við starfsemi ráðsins greiðist úr ríkissjóði. Félagsmálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um störf Jafnréttisráðs og skrifstofuhald.

Kvenfélagasamband Íslands:

K.Í. lítur almennt svo á að lögin í heild sinni séu góð en vilja þó mótmæla 7. gr. laganna, þar sem kveðið er á um að Kvenfélagasamband Íslands og Kvenréttindafélag Íslands tilnefni sameiginlega í Jafnréttisráð.

Við teljum mjög mikilvægt að frjáls félagasambönd eins og K.Í. sem er með um 20.000 félagsmenn á bak við sig komi áfram að jafnréttismálum eins og þau hafa gert í áraraðir. Kvenfélögin um land allt hafa sinnt jafnréttismálum til fjölda ára. Benda má á, í því sambandi, að í nýútkominni jafnréttisáætlun Hafnarfjarðarbæjar kom fram að áður en Hafnarfjarðarbær kaus jafnréttisnefnd, sá Bandalag kvenna í Hafnarfirði alveg um þennan málaflokk.

Mannréttindaskrifstofa Íslands:

Í fyrra frumvarpinu, frá 123. löggjafarþinginu, var lögð til ný skipan jafnréttisráðs, sem hugsanlega hefði, svo sem fyrr var getið, hleypt nýju lífi í ráðið. Í nýja frumvarpinu er fallið frá þessari hugmynd og gert ráð fyrir tilhögun eðlislíkri þeirri sem fyrir er skv. núgildandi lögum þótt nokkrar breytingar séu gerðar á skipan fulltrúa. Ef til vill skiptir þetta ekki miklu máli þar sem verulega er dregið úr hlutverkum jafnréttisráðs með því að skrifstofu jafnréttismála er ætlað að taka við flestum þeirra og hún er sett beint undir félagsmálaráðuneytið. Sú skipan ætti að geta orðið til bóta

*Frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.
vinnuskjal félagsmálanefndar - ekki til dreifingar.*

svo framarlega sem almenningur og fjáls félagasamtök gæta þess að viðhalda nægilegum pólitískum þrýstingi á félagsmálaráðherra hverju sinni til að sinna þessum málaflokki með viðunandi hætti.

Öllu verra er, að í nýja frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir hinum reglulegu jafnréttisþingum, sem núgildandi lög og fyrra frumvarpið kveða á um. Á þingum þessum hafa komið saman ýmsir aðilar hvaðanæva af landinu, sem að jafnréttismálum koma. Þeir hafa skipst þar á reynslu og skoðunum og rökrætt hin ýmsu vandamál sem við er að eiga. Verður að telja afar hæpið að leggja af þessi þing, sé ætlun stjórnvalda að stuðla að framförum á sviði jafnréttismála og ætti að vera eðlilegt að halda að minnsta kosti eitt slíkt þing á hverju kjörtímabili.

Alþýðusamband Íslands:

Frumvarpið gerir ráð fyrir að Jafnréttisráð verði skipað með svipuðum hætti og nú er fyrir utan það að inn er kominn fulltrúi fjármálaráðherra sem ekki er í ráðinu í dag. Þetta er veruleg breyting frá því sem var í fyrra frumvarpi, þar sem gert var ráð fyrir 4 fulltrúum, ráðherra, Kvenréttindafélaginu, Kvenfélagasambandi Íslands og Háskóla Íslands, auk 3 fulltrúa sem kjörnir væru á Jafnréttisþingi.

Með breytingum er komið til móts við gagnrýni ASÍ á fyrra frumvarp. ASÍ benti á að óeðlilegt væri að Jafnréttisráð sem á einvörðungu að fjalla um vinnumarkaðinn væri ekki skipað aðilum vinnumarkaðarins og taldi að Jafnréttisráð eins og gerð var tillaga um hefði takmarkaða þýðingu. Þá gerði ASÍ athugasemdir við ákvæði frumvarpsins um Jafnréttisþing, þar sem hlutverk þess og fyrirkomulag væri mjög óljóst. Jafnréttisþingið er fallið út úr frumvarpinu.

Eftir sem áður hlýtur það alltaf að vera álitamál hvaða aðilar eigi að tilnefna í Jafnréttisráð. Þannig hefur Kvenfélagasamband Íslands ekki beitt sér sérstaklega í jafnréttisbaráttu á vinnumarkaði.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að tilnefningaraðilar tilnefni karl og konu og að það sé síðan ráðherra að velja á milli aðila. Alþýðusambandið ítrekar þá athugasemd sem áður hefur komið fram að sambandið telur í fyllsta máta óeðlilegt að ráðherra hafi á valdi sínu að velja á milli fulltrúa frá tilnefningaraðilum.

Ljóst er að Jafnréttisráði er ætlað annað og minna hlutverk samkvæmt frumvarpinu en nú er. Ekki er gerður ágreiningur um þá verkaskiptingu sem í meginatriðum er lögð til varðandi Skrifstofu jafnréttismála, kærunefnd jafnréttismála, að teknu tilliti til gagnrýni sem sett er fram hér að framan, og Jafnréttisráð. Þó má benda á að nauðsynlegt er að taka á og skýra betur sambandið á milli Jafnréttisráðs, sem samræðu- og stefnumótunaraðila og Skrifstofu jafnréttismála sem framkvæmdaraðila. Þar hlýtur að þurfa að koma til bæði samráð og samstarf sem nauðsynlegt er að löggjöfin leiðbeini um.

Þá er ekki ljóst, miðað við þá stjórnsýslu sem lagt er upp með í frumvarpinu, hver staða og hlutverk jafnréttisráðgjafanna á að vera í samhengi við þær þrjár megin einingar sem byggja á stjórnsýsluna á. Ekki er gert ráð fyrir að þessir jafnréttisráðgjafar eigi samráð eða samstarf við Jafnréttisráð. **Lagt er til að þetta ákvæði frumvarpsins verði gert skýrara. Þannig virðist eðlilegast að jafnréttisráðgjafarnir heyri undir Skrifstofu jafnréttismála og vinni í samráði við Jafnréttisráð, á grundvelli þeirra tengsla sem gerð er tillaga um að verði á milli Skrifstofu jafnréttismála og Jafnréttisráðs.**

Jafnréttisráðgjafi Hafnarfjarðarbæjar:

Í 7. grein frumvarpsins eru lagðar til nokkrar breytingar á skipan jafnréttisráðs. Sú gagnrýni hefur komið fram á jafnréttisráð að hagsmunaaðilar vinnumarkaðar séu þar of ráðandi. Skipan fulltrúa frá fjármálaráðuneyti og Háskóla Íslands breytir þar litlu. Sú leið er farin í frumvarpinu að

*Frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.
vinnuskjal félagsmálanefndar - ekki til dreifingar.*

takmarka starfsemi jafnréttisráðs við vinnumarkaðinn. Betri leið er að breyta skipan jafnréttisráðs og kjósa fulltrúa í það beinni hlutfallskosningu á Alþingi. Þetta myndi auka pólitíska ábyrgð á málaflokknum og takmarka áhrif hagsmunaaðila. Hlutverk jafnréttisráðs verði að hafa eftirlit með framkvæmd laga um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna og framfylgja boðum og bönnum laganna, auk þess sem það verði ráðgefandi fyrir stjórnvöld.

Jafnréttisráð:

Formaður Jafnréttisráðs hefur óskað eftir að í umsögninni komi fram eftirfarandi afstaða hennar: *Eg hef efasemdir um þann hluta frumvarpsins sem lýtur að verksviði Jafnréttisráðs en ekki er lengur gert ráð fyrir því að fjölskipuð nefnd komi að stefnumótun og ákvarðanatöku annarra þátta jafnréttismála en því er litur að vinnumarkaðnum, það geri jafnréttisstofnun stjórnvalda.*

Jafnréttisnefnd Kópavogs:

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að starfssvið Jafnréttisráðs verði einskorðað við vinnumarkaðinn. Samhliða því verði nokkrar breytingar gerðar á skipan ráðsins. Með tilliti til þess að frumvarpið kippir í reynd fótunum undan störfum Kæruneftndar jafnréttismála, eins og þau hafa mótast við núgildandi lög, getur það talist einhversskonar málamiðlun að hlutverk Jafnréttisráðs verði sniðið að vinnumarkaðnum og bæti þar með upp þær breytingar sem fyrirhugaðar eru á kæruneftndinni. Þær breytingar sem frumvarpið gerir ráð fyrir ganga þó, að mati Jafnréttisneftndar Kópavogs, ekki nógu langt til að þær bæti upp fyrir það skarð sem er fyrir skildi Kæruneftndarinnar.

Jafnréttisneftnd Kópavogs vekur athygli á, að jafnréttismál eru í eðli sínu pólitísk og fela af þeim sökum í sér annað og meira en einvörðungu vinnumarkaðspólitik. Þá er sú tilhögun sem frumvarpið gerir ráð fyrir ekki í samræmi við þá staðhæfingu sem kemur fram í athugasemdum með frumvarpinu um 1. grein þess, að jafnréttissjónarmiða verði að gæta á öllum sviðum samfélagsins, þótt vinnumarkaðurinn skipi vissulega stóran sess í öllu jafnréttisstarfi.

Karlanefnd Jafnréttisráðs:

Karlanefnd telur að rétt sé að íhuga hvort sú samsetning Jafnréttisráðs sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu þjóni þeim tilgangi sem til var ætlast. Það er nokkuð einkennileg tilhögun að taka vinnumarkaðinn sérstaklega út sem svið Jafnréttisráðs í ljósi þess að málaflokkurinn er miklu víðfeðmari. Til að mynda má benda á að þó svo flestir séu því sjálfsagt sammála að menntamál skipti miklu varðandi jafnrétti kynja (og raunar er lögð áhersla á það í frumvarpinu) þá er ekki gert ráð fyrir neinu ráði um þann málaflokk eða að fulltrúi uppeldis- og menntageirans komi nokkuð að Jafnréttisráði. Þá er rétt að hafa í huga að ekki er óhugsandi að meira gustaði um málaflokkinn og hann væri oftast til umræðu á opinberum vettvangi ef ráðið væri kosið pólitískri kosningu.

Kvenréttindafélag Íslands:

Vegna 7. greinar frumvarpsins vill Kvenréttindafélag Íslands taka fram eftirfarandi:

Kvenréttindafélag Íslands hefur verið leiðandi í jafnréttisumræðunni hér á landi í hartnær heila öld. Kvenréttindafélagið var stofnað árið 1907 til að berjast fyrir kosningarétti og kjörgengi kvenna og hefur á öldinni starfað einvörðungu að jafnréttismálum með þeim árangri að saga jafnréttisbaráttunnar og saga Kvenréttindafélagsins er samofin.

Félagið er enn mjög virkt og er nú sem fyrr vettvangur opinna umræðu um jafnréttismál. Það er því með öllu óásættanlegt að KRFÍ og Kvenfélagasamband Íslands hafi sameiginlegan fulltrúa í Jafnréttisráði.

*Frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.
vinnuskjal félagsmálanefndar - ekki til dreifingar.*

Af gefnu tilefni er rétt að taka fram að KRFÍ og KÍ eru ekki samsvarandi aðilar á sviði jafnréttismála sbr. 7. gr. í athugasemdum frumvarpsins.

Sérstaða KRFÍ felst m.a. í því að stjórn félagsins er skipuð fulltrúum úr öllum stjórnsmálaflokkum og starfar félagið því á þverpólítískum forsendum auk þess sem félagið hefur helgað sig jafnréttisbaráttunni einvörðungu

Auk þess þykir stjórn KRFÍ það skjóta skökku við að draga úr áhrifum frjálsra félagasamtaka með þeim hætti að sameina fulltrúa eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu þegar þróunin í nágrannalöndum er á þann veg að auka vægi frjálsra félagasamtaka. KRFÍ telur miður ef þróunin yrði á annan veg hér á landi.

KRFÍ hlýtur því að mótmæla harðlega þeim áformum að svipta félagið sínu sæti í Jafnréttisráði.

Samtök atvinnulífsins:

Samtökin hafa áður bent á að æskilegt sé að viðhalda þeim samskipta- og upplýsingafarvegi sem þátttaka aðila vinnumarkaðarins í jafnréttisstarfinu hefur skapað. Þó samtökin hafi í sjálfu sér ekki markaðar hugmyndir um það hvernig slíku samstarfi verði best fyrir komið eru þó uppi vissar efasemdir varðandi hlutverk og skipan nýs jafnréttisráðs. Samtökin gera hins vegar alvarlegar athugasemdir við fyrirkomulag tilnefninga til ráðsins þar sem tilnefningaraðili er sviptur rétti til að ráða fulltrúa sínum. Þó að öðru jöfnu sé bæði eðlilegt og æskilegt að taka tillit til þess sjónarmiðs að hlutfall kynja í jafnréttisráði sé sem jafnast er tilnefningaraðilum nauðsynlegt að geta telft fram þeim sem besta þekkingu hafa á málefnum hverju sinni og aðstöðu til að sinna verkefninu. Samtök atvinnulífsins áskilja sér rétt til að ráða því vali án íhlutunar.

Reykjavíkurborg - Jafnréttisráðgjafi:

Í greinargerð með frumvarpinu er vísað til þeirra breytinga sem fyrirhugaðar eru á danskri jafnréttislöggjöf um fyrirmynd að nýrri skipan og hlutverki Jafnréttisráðs. Í frumvarpinu er verksvið Jafnréttisráðs takmarkað við vinnumarkaðsmál. Samkvæmt greinargerðinni helgast það nýmæli að fulltrúi fjármálaráðuneytis sitji í Jafnréttisráði af því hversu stór atvinnurekandi það er. Eg vek athygli á því að samkvæmt danska frumvarpinu munu í stjórn hins danska Videncentret for ligestilling eiga sæti fulltrúi frá Amtsrådsforeningen (helst hliðstætt við það stjórnarsýslustig héraðs sem sýslumenn fara með), fulltrúi sambands sveitarfélaga og að auki fulltrúi höfuðborgarsvæðisins í Danmörku (Kaupmannahafnar og Fredriksberg). Samanlagt er þarna um að ræða þrjú fulltrúa annarra stjórnarsýslustiga en ríkisins. Þetta á sér enga hliðstæðu í íslenska frumvarpinu, þó samsetning nýs Jafnréttisráðs hvað aðra fulltrúa varðar sé hin sama og þess danska.

Samkvæmt skýrslu fjármálaráðuneytis, *Starfsumhverfi ríkisstarfsmanna við aldhvörf* (1999), er hlutfall starfsmanna sveitarfélaga um 48,5% af heildarfjölda opinberra starfsmanna. Sveitarfélögin eru því sem næst jafnstór atvinnurekandi og fjármálaráðuneytið. Í ljósi áætlana um aukinn tilflutning verkefna frá ríkinu til sveitarstjórna er líklegt að sveitarstjórnarstigið verði innan skamms stærri atvinnurekandi en ríkið. Að auki eru þau ákvarðandi um ýmsa grundvallarþjónustu sem hefur úrslitaáhrif á hvort nærsamfélag íbúanna skapar þeim lífsskilyrði sem stuðla að jafnrétti kynjanna (dagvistarmál, grunnskólamál, íþrótt- og tómstundamál, félags- og öldrunarþjónusta). **Því er hér - að danskri fyrirmynd - lagt til að í Jafnréttisráði veði fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga og fulltrúi höfuðborgarinnar.**

Sjá minnisblað með almennum athugasemdum frá félagsmálaráðuneyti, bls. 3.

*Frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.
vinnuskjal félagsmálanefndar - ekki til dreifingar.*

8. gr.

Hlutverk Jafnréttisráðs.

Jafnréttisráð skal stuðla markvisst að jafnri stöðu og jöfnum rétti kvenna og karla á vinnu-
markaðinum.

Jafnréttisráð er stjórnvöldum til ráðgjafar um jafnréttismál í vinnumarkaðsmálum.

Jafnréttisráð:

Í frumvarpinu eru lagðar til grundvallarbreytingar á hlutverki og skipan Jafnréttisráðs bæði frá gildandi lögum og frumvarpi því sem lagt var fram síðast liðið haust. Innan ráðsins komu fram miklar efasemdir um að það væri raunhæft að tvenn samtök sameinuðust um einn fulltrúa. Kvennasamtökin hafa um áratugaskeið lagt mikið af mörkum til aukins jafnréttis kynja og ljóst er að þörf er á því enn um sinn. Hlutverk óháðra félagasamtaka í jafnréttisstarfinu er mikilvægt og því áhyggjuefni ef dregið er úr vægi þeirra. **Því leggur Jafnréttisráð til að fjölgað verði um einn fulltrúa í ráðinu.** Jafnréttisráð telur að þær breytingar sem gerðar hafa verið á frumvarpinu frá fyrra frumvarpi að því er varðar hlutverk Jafnréttisráðs séu ekki til bóta og þörf sé á að skýra verksvið ráðsins betur. Leggur Jafnréttisráð til að 8. gr. orðist svo:

Jafnréttisráð skal stuðla markvisst að jafnri stöðu og jöfnum rétti kvenna og karla á vinnumarkaðnum. Ráðið skal vinna tillögur til félagsmálaráðherra um aðgerðir á þessu sviði.

Jafnréttisnefnd Háskóla Íslands og Rannsóknastofa í Kvennafræðum:

Í áttundu grein er hlutverk Jafnréttisráðs afmarkað við vinnumarkaðinn sem er að mati umsagnaraðila of þröng skilgreining þar sem uppsprettu kynjamisréttis er ekki eingöngu að finna á vinnumarkaði.

Að auki kemur ekki nægilega skýrt fram í frumvarpstextanum hvernig ráðið á að sinna sínu starfi og til hverra það á að beina ábendingum sínum. Eins er óljóst hver tengsl Jafnréttisráðs og skrifstofu jafnréttismála eiga að vera. Að mati umsagnaraðila eru þessir annmarkar mikil afturför frá fyrri lögum. Jafnréttisnefnd H.Í. og Rannsóknastofa í kvennafræðum fagna því að fulltrúi frá Háskóla Íslands verði skipaður til starfa í Jafnréttisráði en telur þó mikilvægt að fyrirnefndum annmörkum um störf og hlutverk ráðsins verði rutt úr vegi.

Sjá minnisblað með almennum athugasemdum frá félagsmálaráðuneyti, bls. 2.

9. gr.

Þingsályktun um áætlun í jafnréttismálum.

Félagsmálaráðherra leggur fyrir Alþingi, eigi síðar en ári eftir alþingiskosningar, tillögu til þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára í senn að fengnum tillögum einstakra ráðuneyta og Skrifstofu jafnréttismála. Í áætluninni skulu koma fram sundurliðuð framkvæmdaáform og áætlaðar fjárveitingar til einstakra verkefna sem tengjast jafnréttismálum. Áætlunina skal endurskoða á tveggja ára fresti.

Samhliða framlagningu tillögu til þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum og endurskoðun hennar tveimur árum síðar skal félagsmálaráðherra leggja fram á Alþingi skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála.

Jafnréttisráð:

Þá er lagt til að við 9. gr. bætist Jafnréttisráð í hóp þeirra sem vinna tillögur til ráðherra í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar.

Sjá minnisblað með almennum athugasemdum frá félagsmálaráðuneyti, bls. 3.

10. gr.

Jafnréttisnefndir sveitarfélaga.

Sveitarstjórnir skulu, að loknum sveitarstjórnarkosningum, skipa 3–5 manna jafnréttisnefndir sem hafi með höndum jafnréttismál innan sveitarfélagsins samkvæmt lögum þessum. Skulu nefndirnar vera ráðgefandi fyrir sveitarstjórnir í málefnum er varða jafnrétti kvenna og karla ásamt því að fylgjast með og hafa frumkvæði að sérstökum aðgerðum til að tryggja jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.

Reykjavíkurborg - Jafnréttisráðgjafi:

Í 10. gr. frumvarpsins er fjallað um jafnréttisnefndir sveitarfélaga. Lögbundið verður, eftir sem áður, að sveitarstjórnir skipi jafnréttisnefndir og eru stærðarmörk felld út. Að því leyti virðist það ætlan ríkisstjórnarinnar að efla jafnréttisstarf á sveitarstjórnarstigi. Hinsvegar er felld út það hlutverk jafnréttisnefnda sveitarfélaga að taka við ábendingum vegna brota á jafnréttislögum. Að öðru leyti endurspeglar ákvæðið hvorki þá nýsköpun sem á sér víða stað á sveitarstjórnarstiginu á sviði jafnréttismála, né er til þess fallið að styrkja stöðu nefndanna á þeim stöðum þar sem vanþróun á sviði jafnréttismála vegna smæðar eða skorts á pólitískum vilja hafa leitt til þess að nefndirnar hafa ekki risið undir hlutverki sínu sem skyldi.

Flest stærri sveitarfélög hafa á undanförunum árum styrkt mjög jafnréttisstarf sitt, sem kemur m.a. fram í að þau stærstu hafa ráðið jafnréttisráðgjafa og vaxandi fjöldi sett sér sérstakar jafnréttisáætlanir. Í þeim hafa sveitarfélögin fjallað um ábyrgð sína sem atvinnurekendur en einnig um aðra þætti sem snúa að jafnréttismálum. Þar á nýsköpunin sér m.a. stað fyrir áhrif frá samþættingarhugmyndafræðinni, en eins og fram kemur í umfjöllun um skipan Jafnréttisráðs hér að ofan hefur þjónusta sveitarfélaga úrslitaáhrif á lífsskylirði íbúa í mörgum þáttum sem snerta jafnréttismál með beinum hætti. Ákvæði frumvarpsins um jafnréttisáætlanir, sem einnig mun gilda um sveitarfélög, miðast við skyldur þeirra sem atvinnurekenda. Það nýtist ekki jafnréttisnefndum sjálfkrafa hvað varðar aðra þætti Jafnréttismála eða sveitarstjórnarstigið í heild.

Landsfundir jafnréttisnefnda, sem áður var vikið að, hafa endurspeglad þann óvængjanlega vilja nefndanna að styrkja stöðu jafnréttismála á sveitarstjórnarstigi. Í ályktun landsfundar 1999 (hjalögð), sem samþykkt var einróma, eru sveitarstjórnir hvattar til að setja sér jafnréttisáætlanir og fela sérstökum starfsmönnum ábyrgð á málaflöknum. Í ljósi þess að ríkisstjórninni eru í frumvarpi til jafnréttislaga lagðar þær skyldur á herðar að gera á fjögurra fresti áætlun um aðgerðir í jafnréttismálum og leggja fram á Alþingi skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála, er eðlilegt að sveitarstjórnarstiginu verði lagðar sambærilegar skyldur á herðar. Í nágrannalöndunum hefur gætt þessarar þróunar. Í Svíþjóð er lögbundið að lénin hafi jafnréttisráðgjafa starfandi. Í Danmörku hefur með breytingu á sveitarstjórnarlögum 1995 verið farin sú leið að skylda sveitarfélög til að gera greinargerð um stöðu og þróun jafnréttismála í sveitarfélaginu á tveggja ára fresti. Er þessi lagaskylda sett í samhengi við upplýsingaskyldu stjórnvalda við borgarana. Jafnréttisráði (Ligestillingsrádet - Sekretariat for ligestilling) var jafnframt falið að safna þessum greinargerðum saman og gefa út í skýrslu með samantekt yfir greinargerðirnar. Í skýrslu þess frá árinu 1997, *Kønsgeringer i kommunerne*, kom fram að 63,7% sveitarfélaga skiluðu greinargerðum á tilsettum tíma. 18% greinargerðanna voru mjög ítarlegar, en til viðbótar töldust 80% greinargerðanna fullnægjandi. Tveimur árum síðar, 1999, eru 40,5% greinargerðanna skilgreindar sem mjög ítarlegar. Að mati danska Jafnréttisráðsins hefur þetta ákvæði styrkt mjög jafnréttisstarf sveitarfélaga. Taka ber fram að dönsk sveitarfélög eru ekki skylduð til að gera sérstakar

*Frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.
vinnuskjal félagsmálanefndar - ekki til dreifingar.*

jafnréttisáætlanir, en í greinargerðunum kemur fram að ríflega helmingur þeirra hefur samþykkt jafnréttisáætlanir.

Félagsmálanefnd Alþingis er hvött til þess að íhuga með hvaða hætti má með breytingum á frumvarpinu styrkja jafnréttisnefndir sveitarfélaga annarsvegar og hinsvegar jafnréttisstarf sveitarfélaga, en taka má fram að frumkvæðisskylda stjórnvalda, vægi þeirra sem veitenda grundvallarþjónustu til íbúa og fjölskyldna og sú staðreynd að sveitarstjórnarstigið er opinbert, sjálfstætt og lýðræðislega kjörið stjórnsýslustig, réttlætir að mínu mati að ekki séu gerðar síðri kröfur til þess en ríkisins að teknu tilliti til smæstu sveitarfélaga. **Til ábendingar er því lagt til nýtt orðalag 10. gr. (viðbót skáletruð).**

Sveitarstjórnir skulu, að loknum sveitarstjórnarkosningum, skipa 3-5 manna jafnréttisnefndir sem hafi með höndum jafnréttismál innan sveitarfélagsins samkvæmt lögum þessum. Skulu nefndarinnar vera ráðgefandi fyrir sveitarstjórn í málefnum er varða jafnrétti kvenna og karla ásamt því að fylgjast með og hafa frumkvæði að sérstökum aðgerðum til að tryggja jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. *Skulu nefndirnar hafa umsjón með gerð jafnréttisáætlana sveitarstjórna, sem lagðar skulu fram eigi síðar en ári eftir sveitarstjórnarkosningar. Jafnréttisnefndir sveitarfélaga skulu hafa eftirlit með framkvæmd jafnréttisáætlana og leggja á fjögurra ára fresti fram greinargerð um stöðu og þróun jafnréttismála í sveitarfélaginu. Sveitarstjórnir skulu fela sérstökum starfsmönnum framkvæmdastjórn nefndanna.*

Í jafnréttisáætlunum sveitarfélaga sem uppfylla stærðarmörk skv. 13. laga þessara skal, auk ákvæða er lúta að skyldu sveitarfélagsins sem atvinnurekanda koma fram aðgerðir sveitarstjórnar varðandi 20. gr. og markmið um þjónustu sveitarfélagsins í málum er hafa áhrif á stöðu jafnréttismála gagnvart íbúum.

Sjá minnisblað með almennum athugasemdum frá félagsmálaráðuneyti, bls. 4.

11. gr.

Jafnréttisfulltrúar.

Sérhvert ráðuneyti skal skipa jafnréttisfulltrúa sem fjallar um og hefur eftirlit með jafnréttisstarfi á málasviði ráðuneytisins.

Mannréttindaskrifstofa Íslands:

Í báðum frumvörpunum er nýmæli, sem gæti verið til bóta, þ.e. að sérhvert ráðuneyti skuli skipa jafnréttisfulltrúa, sem fjalli um og hafi eftirlit með jafnrétti á málsviði þeirra hvers um sig. Fljótt á litið virðist þetta ákvæði lofa góðu en efasemdir hljóta að vakna um hver hugur fylgi máli, þegar gætt er þess sem segir í athugasemdum með frumvörpunum, sem sé að „ekki er sérstaklega gert ráð fyrir að ráð þurfi nýja starfsmenn í ráðuneytin vegna þessa heldur mætti fela einhverjum núverandi starfsmanni verkefnið.“ Þá er ekki tekið fram, að jafnréttisfulltrúar þessir eigi að fjalla um jafnréttismál hjá þeim stofnunum, sem undir ráðuneytin heyra - en til þess ber brýna nauðsyn.

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja:

BSRB telur jákvætt það sem lagt er til í 2. mgr. 13. gr. frumvarpsins um jafnréttisáætlanir stofnana eða fyrirtækja með fleiri en 25 manns sem kemur fram í 11. gr. um jafnréttisfulltrúa í hvert ráðuneyti.

*Frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.
vinnuskjal félagsmálanefndar - ekki til dreifingar.*

Reykjavíkurborg - Jafnréttisráðgjafi:

Akvæðið um jafnréttisfulltrúa innan hvers ráðuneytis er sérlega vel til þess fallið að gera ábyrgð hvers ráðuneytis á jafnréttismálum skýrari. Orðalag 11. gr. frumvarpsins um að þeir skuli hafa „eftirlit með jafnréttisstarfi á málavíði ráðuneytis“ er hins vegar opið fyrir mismunandi skilgreiningum á hugtakinu jafnréttisstarf. Í greinargerð frumvarpsins er um skyldur stjórnvalda vísað til alþjóðlegra sáttmála, framkvæmdaáætlunar Sameinuðu þjóðanna (Peking 1995) og Norrænu samstarfsáætlunarinnar í jafnréttismálum. Í öllum þessum áætlunum hefur hin svokallaða samþættingaraðferð (mainstreaming) verið samþykkt sem grundvallarnálgun á sviði jafnréttismála. Sama kemur fram í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum. Samþætting felur í sér að um öll mál, hverskonar upplýsingaöflun, stefnumótun og ákvarðanatöku skuli fjallað frá sjónarhóli jafnréttis. Í þessu ljósi verða öll mál að jafnréttismálum, en ekki aðeins afmarkaðar eða sértækar aðgerðir. Svokallað jafnréttismat gegnir þar miklu hlutverki. Því er hér lagt til að fastar verði kveðið að orði um hlutverk jafnréttisfulltrúa ráðuneyta í 11. gr. þannig að á eftir tilvitnuðu orðalagi bætist við „Þá skulu jafnréttisfulltrúar leggja mat á áhrif ákvarðanatöku í veigamiklum málum frá sjónarhóli jafnréttis“.

Jafnréttisnefnd Háskóla Íslands og Rannsóknastofa í Kvennafræðum:

Umsagnaraðilar fagna því nýmæli að í frumvarpinu sé gert ráð fyrir að öll ráðuneyti skipi sérstaka jafnréttisfulltrúa. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir að ráða þurfi nýja starfsmenn í ráðuneytin vegna þessa heldur er fyrirhugað að fela núverandi starfsmönnum verkefnið. Að þeim sökum efast umsagnaraðilar að jafnréttisfulltrúar þessir skili árangri í þágu jafnréttisstarfa enda er hvorki gert ráð fyrir sérstökum starfsmönnum né kostnaði til að sinna jafnréttismálum

Nýrri áherslur í jafnréttisbaráttu gera ráð fyrir svokallaðri samþættingu en þá eru jafnréttismál fléttuð saman við alla málaflokka þar með talið við stjórnvísu. Í þeim löndum sem Íslendingar bera sig gjarnan saman við hafa sérstakir jafnréttisfulltrúar verið ráðnir til starfa á hinum ýmsu sviðum samfélagsins til að hafa eftirlit og umsjón með jafnréttismálum.

Umsagnaraðilar telja ekki vænlegt til árangurs að bæta jafnréttismálum á fulltrúa ráðuneytanna sem áður sinna öðrum og oft óskyldum málaflokkum, en slíkt gæti valdið hlutverkatogstreytu viðkomandi starfsmanna sem verður að teljast á skjön við nútíma starfsmannastjórn. **Eðlilegra væri að ráða jafnréttisfulltrúa í fullt starf við hvert ráðuneyti landsins eða ella að ráða tvo til þrjá einstaklinga í fullt starf til að sinna öllum ráðuneytum.** Hér skal sérstaklega bent á mikilvægi þess að ráðinn verði jafnréttisfulltrúi í fullt starf við menntamálaráðuneyti.

12. gr.

Jafnréttisráðgjafar.

Félagsmálaráðherra er heimilt að ráða jafnréttisráðgjafa sem vinnur tímabundið að jafnréttismálum á tilteknu sviði og/eða á tilteknu landsvæði.

Jafnréttisnefnd Mosfellsbæjar:

Jafnréttisnefnd telur rétt að í 12. gr. frv. verði áréttað að sveitarfélög geti leitað aðstoðar jafnréttisráðgjafa, sem ráðinn verði af félagsmálaráðherra, til að aðstoða þau við að hafa frumkvæði að sérstökum aðgerðum í jafnréttismálum, sbr. 10. gr. frumvarpsins.

Skipulögð vinna að jafnréttismálum er komin skammt á veg í flestum sveitarfélögum landsins. Málaflokkurinn er sérhæfður og nauðsynlegt að sveitarfélög, sérstaklega þau minni, sem eru að hefja skipulagða vinnu að málaflokknum njóti sérfræðiaðstoðar til að koma málum af stað. Með

*Frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.
vinnuskjal félagsmálanefndar - ekki til dreifingar.*

Því að ráða jafnréttisráðgjafa, sem sinni sveitarfélögum sérstaklega, er unnt að nýta reynslu af jafnréttisstarfi á milli sveitarfélaga og samhæfa aðgerðir sveitarfélaga í jafnréttismálum.

III. KAFLI

Réttindi og skyldur.

13. gr.

Vinumarkaður.

Atvinnurekendur og stéttarfélög skulu vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði. Atvinnurekendur skulu sérstaklega vinna að því að jafna stöðu kynjanna innan fyrirtækis síns eða stofnunar og stuðla að því að störf flokkist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf.

Fyrirtæki og stofnanir þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn skulu setja sér jafnréttisáætlun eða kveða sérstaklega á um jafnrétti kvenna og karla í starfsmannastefnu sinni. Skal sérstaklega kveðið á um markmið og aðgerðir til að tryggja starfsmönnum þau réttindi sem kveðið er á um í 14.–17. gr. laga þessara.

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja:

BSRB telur jákvætt það sem lagt er til í 2. mgr. 13. gr. frumvarpsins um jafnréttisáætlanir stofnana eða fyrirtækja með fleiri en 25 manns sem kemur fram í 11. gr. um jafnréttisfulltrúa í hvert ráðuneyti.

Karlanefnd Jafnréttisráðs:

Karlanefnd dregur í efa áhrifamátt þess að skylda öll fyrirtæki og stofnanir með fleiri en 25 starfsmenn til að gera jafnréttisáætlun, að viðlagðri sekt. Nefndin telur vænlegra til árangurs að sérstaklega sé kveðið á um ráðgjafar- og upplýsingahlutverk skrifstofu jafnréttismála gagnvart fyrirtækjum og stofnunum, t.d. þannig að skrifstofan gæti starfrækt upplýsingabrunn með tillögum og fyrirmyndum að því hvernig móta megi áhrifaríka jafnréttisstefnu, sem þjómi hagsmunum bæði fyrirtækis og starfsmanna.

Samtök atvinnulífsins:

Samkvæmt 13. gr. er fyrirtækjum með 25 starfsmenn eða fleiri gert að gera sérstakar jafnréttisáætlanir eða kveða sérstaklega á um jafnrétti í starfsmannastefnu að viðlögðum sektum, en hér mun vera um að ræða um það bil 600 fyrirtæki. Það er álit SA að ávinningur af slíkum lögbundnum jafnréttisáætlunum eða samsvarandi skylduákvæðum í starfsmannastefnu sé vafasamur og eftirlit með framkvæmd kostnaðarsamt. Hvatning og fræðsla auk spurningarinnar um jákvæða ímynd fyrirtækja eru mun vænlegri til árangurs. Kröfur opinberra aðila um marklitla texta- og skýrslugerð fyrirtækja hafa neikvæð áhrif á atvinnustarfsemi. Reynslan sýnir að fyrirtækin hliðra sér við að sinna slíkum kröfum ef ávinningurinn er ekki sæmilega augljós. Auk þess sem áhrif þeirra yrðu fyrst og fremst að stórauka eftirlitsskyldur skrifstofu jafnréttismála þvert á þá stefnumörkun að frekar beri að draga úr beinu opinberu eftirliti.

SA mælir því eindregið með að ákvæði frumvarpsins um að fyrirtækjum skuli gert skylt að setja sér jafnréttisáætlanir eða að kveða sérstaklega á um jafnrétti kvenna og karla í starfsmannastefnu sinni verði fellt brott úr frumvarpinu. Í því sambandi má benda á að góð starfsmannastefna og framkvæmd, þar sem bæði konur og karlar eiga jafna möguleika án tillits til kynferðis, er þáttur í samkeppnisumhverfi fyrirtækja sem keppa um að laða til sín sem hæfasta starfsmenn.

*Frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.
vinnuskjal félagsmálanefndar - ekki til dreifingar.*

Reykjavíkurborg - Jafnréttisráðgjafi:

Fagna ber 13. gr. frumvarpsins um jafnréttisáætlanir fyrirtækja og stofnana. Í jafnréttisáætlun Reykjavíkurborgar hefur frá árinu 1996 verið ákvæði þar sem stofnunum borgarinnar er árlega gert að setja sér starfsáætlanir í jafnréttismálum þar sem fram komi til hvaða aðgerða þær hyggjast grípa til að ná almennum markmiðum sem lýst er í jafnréttisáætluninni. Eitt höfuðábyrgðarsviða jafnréttisráðgjafa er að fylgja þessu ákvæði eftir með ráðgjöf og eftirliti með starfsáætlunum stofnana. Reykjavíkurborg er þannig vel undir það búin að axla auknar lagaskyldur að þessu leyti. Reynsla jafnréttisráðgjafa er hinsvegar tvímælalaust sú að á meðan margar stofnanir hafa axlað þessa ábyrgð sína með mikilli þrýði, hafa aðrar þurft talsverða ráðgjöf til að mæta auknum kröfum. Miklu skiptir að fyrirtæki eigi kost á ráðgjöf. Munu stjórnendur væntanlega horfa til skrifstofu jafnréttismála um aðstoð og skiptir miklu að henni sé gert kleift að veita hana.

Jafnréttisnefnd Háskóla Íslands og Rannsóknastofa í Kvennafræðum:

Í stað þess að sega „atvinnurekendur og stéttarfélög skuli vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði“ væri markvissara að nefna **yfirmenn fyrirtækja og stofnana til að ljóst sé hver ber ábyrgðina á að slíku starfi verði sinnt. Nauðsynlegt er að tilgreina hver ber ábyrgð á því sem tilgreint er í ákvæðum greinarinnar**, sbr. gerð jafnréttisáætlunar, fari fram og hver sé ábyrgur fyrir umsjón og eftirliti. Ætla má að eitt til tvö þúsund fyrirtæki skuli gera jafnréttisáætlanir. Skrifstofa jafnréttismála skal hafa eftirlit með framkvæmd laganna og þar að leiðandi einnig að jafnréttisáætlanir séu gerðar. Slíkt eftirlit er umfangsmikið og kostnaðarsamt. Ekki er að merkja aðg ert sé ráð fyrir fjárveitingu til verksins í frumvarpinu og því allar líkur á að fyrirtæki komist upp með að brjóta á fyrrnefndu lagaákvæði.

Sjá minnisblað með almennum athugasemdum frá félagsmálaráðuneyti, bls. 5.

14. gr.

Launajafnrétti.

Konum og körlum er starfa hjá sama atvinnurekanda skulu greidd jöfn laun og skulu njóta sömu kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf.

Með launum í lögum þessum er átt við almennt endurgjald fyrir störf og hvers konar frekari þóknun, beina og óbeina, hvort heldur er með hlunnindagreiðslum eða með öðrum hætti, sem atvinnurekandi greiðir starfsmanni sínum fyrir vinnu hans.

Með jöfnum launum er átt við að laun skulu ákveðin á sama hátt fyrir konur og karla og að þau viðmið sem lögð eru til grundvallar launaákvörðun feli ekki í sér kynjamismun.

Með kjörum í lögum þessum er, auk launa, átt við lífeyris-, orlofs- og veikindarétt og hvers konar önnur starfskjör eða réttindi sem metin verða til fjár.

Alþýðusamband Íslands:

Alþýðusambandið styður eindregið þá megináherslur sem fram koma í frumvarpinu um mikilvægi jafnréttis á vinnumarkaði og þá sérstaklega til jafnra launa og annarra starfskjara. Hér er án nokkurs vafa um að ræða þýðingarmesta efni frumvarpsins, lykilatriði í þessu sambandi er 14. gr. frumvarpsins sem ber yfirskriftina „Launajafnrétti“ og því skiptir miklu að orðalag og öll framsetning sé þannig að grundvallarreglan sé sett fram með sem skýrustum hætti.

Alþýðusambandið fagnar því að ákvæðum 4. mgr. 14. gr. (áður 15. gr.) um launajafnrétti hefur verið breytt til samræmis við ábendingar ASÍ og verður að telja þá breytingu til verulegra bóta.

Sjá minnisblað frá félagsmálaráðuneyti um Evrópurétt, bls. 1.

15. gr.

Laus störf, starfsþjálfun og endurmenntun.

Starf sem laust er skal standa opið jafnt konum og körlum.

Atvinnurekendur skulu tryggja að konur og karlar njóti sömu möguleika til endurmenntunar og starfsþjálfunar og til að sækja námskeið sem haldin eru til að auka hæfni í starfi eða til undirbúnings annarra starfa.

Sjá minnisblað með almennum athugasemdum frá félagsmálaráðuneyti, bls. 6.

Sjá minnisblað frá félagsmálaráðuneyti um Evrópurétt, bls. 2.

16. gr.

Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs.

Atvinnurekendur skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera konum og körlum kleift að samræma starfsskyldur sínar og skyldur gagnvart fjölskyldu. Ráðstafanir þær skulu m.a. miða að því að auka sveigjanleika í skipulagningu á vinnu og vinnutíma þannig að tekið sé tillit til þarfa atvinnulífs og fjölskylduaðstæðna starfsmanna, þar með talið að þeim sé auðveldað að koma aftur til starfa eftir fæðingar- eða foreldraorlof eða leyfi úr vinnu vegna óviðráðanlegra og brýnna fjölskylduaðstæðna.

Alþýðusamband Íslands:

Í 16. gr. er fjallað um samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs. Þar er m.a. talað um að starfsmönnum skuli auðveldað að koma aftur til starfa eftir fæðingar- eða foreldraorlof eða leyfi úr vinnu vegna óviðráðanlegra og brýnna fjölskylduaðstæðna.

Hér er mikilvægt að kveða skýrt á um að þessir þættir geti aldrei verið forsenda uppsagnar af hálfu atvinnurekenda og að starfsmenn skuli eiga rétt á að koma til sömu starfa að nýju að loknum slíkum leyfum.

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja:

Að lokum tekur BSRB heilshugar undir 16. gr. þar sem kveðið er á um samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs.

Karlanefnd Jafnréttisráðs:

Nefndinni þykir alls ekki koma nógu skýrt fram varðandi fæðingarorlof að þó svo eðlilegt og sjálfsagt sé að taka sérstakt tillit til kvenna af líffræðilegum ástæðum þá megi það ekki verða til að skerða möguleika karla til samvista við barn sitt á fyrstu mánuðum ævi þess.

Samtök atvinnulífsins:

SA telur að breyta þurfi orðalagi 16. gr. þannig að í stað orðanna „atvinnurekendur skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera konum og körlum kleift að..“ komi „**Atvinnurekendur skulu leitast við að auðvelda konum og körlum að.**“ Með núverandi orðalagi er lögð fortakslaus skylda á atvinnurekendur að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera konum og körlum kleift að samræma starfsskyldur sínar og skyldur gagnvart fjölskyldu m.a. með því að auka sveigjanleika í skipulagningu

*Frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.
vinnuskjal félagsmálanefndar - ekki til dreifingar.*

vinnu og vinnutíma. Þetta eru skyldur sem atvinnurekendur er í mörgum tilvikum ómögulegt að uppfylla. Grundvallarmunur er á möguleikum fyrirtækja til að veita starfsfólki sveigjanlegan vinnutíma og til að koma til móts við einstaklingsbundnar þarfir þess. Taka þarf tillit til þessa aðstöðumunar. Það er annars keppikefli fyrirtækja að stuðla að starfsánægju og að starfsfólk eigi ekki við ónauðsynlega erfiðleika að etja við að samræma skyldur sínar gagnvart vinnuveitanda og fjölskyldu, hvort sem um er að ræða karla eða konur. Eðlilegt er að stuðla að slíku. Orðin „...eða leyfi úr vinnu vegna óviðráðanlegra og brýnna fjölskylduástandna“ í lokamálslið 16. gr. eru misvísandi þar sem þau gefa til kynna að um lengri samnings- eða lögbundið leyfi sé að ræða en ekki aðeins „force majeure“ tilvik eins og tilskipun Evrópusambandsins sem væntanlega er verið að vitna til gerir ráð fyrir. Því er lagt til að þau verði **felld brott**.

Jafnréttisnefnd Háskóla Íslands og Rannsóknastofa í Kvennafræðum:

Ákvæðin um samræmingu atvinnu- og fjölskyldulífs eru lofsvert framtak en hins vegar blasir ekki við af hverju brot við greininni eigi ekki að varða sektum.

Sjá minnisblað frá félagsmálaráðuneyti um Evrópurétt, bls. 3.

17. gr.

Kynferðisleg áreitni.

Atvinnurekendur og skólastjórnendur skulu gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og skjólstaðingar verði fyrir kynferðislegri áreitni á vinnustað eða í skólum.

Kynferðisleg áreitni er kynferðisleg hegðun sem er ósamgjörn og/eða móðgandi og í óþökk þess sem fyrir henni verður, hefur áhrif á sjálfsvirðingu þess eða þeirra sem fyrir henni verða og er haldið áfram þrátt fyrir að gefið sé skýrt í skyn að hegðunin sé óvelkomin. Kynferðisleg áreitni getur verið líkamleg, orðbundin eða táknað.

Eitt tilvik getur talist kynferðisleg áreitni ef það er alvarlegt.

Ef yfirmaður eða skólastjórnandi er kærður vegna meintrar kynferðislegrar áreitni verður hann vanhæfur til að ákvarða um vinnuskilyrði kæranda á meðan rannsókn málsins stendur yfir og skal næsti yfirmaður taka ákvarðanir er varða kæranda.

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja:

BSRB fagnar því sem kemur fram í 17. gr. frumvarpsins þar sem hugtakið kynferðisleg áreitni er skilgreint, jafnframt sem skilgreindar eru ákveðnar skyldur atvinnurekanda og skólastjórnenda til að koma í veg fyrir hana, svo og hvernig staðið skuli að meðferð máls komi slíkt upp á vinnustöðum eða í skóla.

Kærunefnd jafnréttismála:

Í 17. gr. frumvarpsins er fjallað um kynferðislega áreitni. Samkvæmt 29. gr. geta brot gegn 17. gr. varðað sektum. Mál af þessu tagi eru svo viðkvæm og erfið að útilokað er að ætla kærunefnd jafnréttismála að fjalla um þau. Um slík mál verður ekki fjallað með öðru móti en að upplýsa hvort um kynferðislega áreitni hefur í raun verið að ræða en það kallar á að skýrslur séu teknar af aðilum, meintum geranda og vitnum. Afar erfitt er að móta svo vandaðar málsmeðferðarreglur að slík nefnd geti tryggt réttaröryggi allra sem málinu tengjast. Mun eðlilegra er að dómstólar fjalli um slík mál, ýmist í opinberu máli að undangenginni lögreglurannsókn ef talið er að um refsivert

*Frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.
vinnuskjal félagsmálanefndar - ekki til dreifingar.*

athæfi sé að ræða eða í einkamáli sem sá höfðar sem misgert hefur verið við. Kærunefnd leggur því til að brot gegn 17. gr. verði ekki meðal verkefna nefndarinnar.

Samtök atvinnulífsins:

Þá er það aðfinnsluvert að skv. frumvarpinu eru skyldur vinnuveitanda og skólastjórnenda lagðar að jöfnu hvað þetta varðar þó samningssamband vinnuveitenda við starfsmann sinn sé eðlisólíkt réttarstöðu skólastjóra gagnvart nemendum.

Þá er lagt til að vanhæfisákvæði 4. mgr. 17. gr. verði fellt niður en það á ekki við um aðstæður á almennum vinnumarkaði, ekki síst í litlum fyrirtækjum þar sem yfirmaður eða eigandi er aðeins einn.

Með frumvarpinu er sú skylda er lögð á atvinnurekendur að gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk verði fyrir kynferðislegri áreitni á vinnustað. SA er sammála því að leitast beri við að stemma stigu við slíku athæfi. Samtökin telja þó vafasamt að leggja þannig óskilgreinda og fortakslausa skyldu til fyrirbyggjandi ráðstafana á atvinnurekendur. Með því er það alfarið lagt í mat skrifstofu jafnréttismála og dómstóla að meta hvaða aðgerðir teljist fullnægjandi þannig að ekki varði bóta- eða refsíabyrgð fyrir vinnuveitandann. Fáir vinnuveitandinn hins vegar vitneskju um að starfsmaður telji sig hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni á vinnustað er eðlilegt að gera kröfu til þess að hann geri viðeigandi ráðstafanir til að hindra að slíkt haldi áfram. Almenn fræðslu- og upplýsingastarfsemi er mikilvæg í þessu sambandi en þar hafa stéttarfélög einnig hlutverki að gegna. **Er því lagt til að 1. mgr. 17. gr. verði endurskoðuð með vísan til þessa.**

Reykjavíkurborg - Jafnréttisráðgjafi:

Ákvæði 17. gr. um kynferðislega áreitni er mjög í anda áður framkominna frumvarpa/þingsályktunartillagna um kynferðislega áreitni, en því ber að fagna að ákvæði þessarar tegundar komi inn í heildarlöggjöfina á sviði jafnréttismála. Vegna reynslu minnar sem jafnréttisráðgjafa af málum af þessari tegund er lagt til að eftir fyrstu málsgrein bætist við: *Atvinnurekendur og skólastjórnendur er skylt að taka kvörtun um kynferðislega áreitni til faglegrar úrlausnar eða beina henni til þar til bærra aðila til umfjöllunar.*

Jafnréttisnefnd Háskóla Íslands og Rannsóknastofa í Kvennafræðum:

Umsagnaraðilar fagna því nýmæli að í frumvarpinu er grein um meðferð mála varðandi kynferðislega áreitni.

Orðalag þriðju málsgreinar verði breytt til að ljóst sé að um sjálfstæða efnisreglu sé að ræða en ekki um nánari útfærslu á annarri málsgrein sömu greinar.

Yfirleitt er talið farsælast að sem flest mál varðandi kynferðislega áreitni séu leyst á frumstigi, helst innan fyrirtækis eða stofnunar. Í þess konar tilvikum þarf þólandi einnig vernd laganna. **Því er lagt til að orðalagi fjórðu málsgreinar verði breytt þannig að í stað „kærður“ komi „borinn sökum um“ og í stað „kærandi“ komi „hlutaðeigandi.“**

Rétt er að benda á að síðasta málsgrein er í mótsögn við 5. tölul. 1. mgr. 3. gr. stjórnarsýslulaga þar sem kveðið er á um að starfsmenn (undirmenn), þar með talið næsti yfirmaður, séu vanhæfir ef yfirmaður hefur verulegra hagsmuna að gæta.

Sjá minnisblað með almennum athugasemdum frá félagsmálaráðuneyti, bls. 2 og 6.

Sjá minnisblað frá félagsmálaráðuneyti um Evrópurétt, bls. 3.

*Frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.
vinnuskjal félagsmálanefndar - ekki til dreifingar.*

18. gr.

Auglýsingar.

Auglýsandi, og sá sem hannar eða birtir auglýsingu, skal sjá til þess að auglýsingin sé öðru kyninu ekki til minnkunar, lítilsvirðingar eða stríði gegn jafnri stöðu og jafnrétti kynjanna á nokkurn hátt.

Jafnréttisráðgjafi Hafnarfjarðarbæjar:

Ákvæði 18. greinar frumvarpsins um auglýsingar er óbreytt frá núgildandi lögum. Ákvæði núgildandi laga hafa ekki komið í veg fyrir birtingu fjölda auglýsinga þar sem líkamar kvenna eru gerðir að söluvöru, þó að þær séu konum sannarlega til lítilsvirðingar. Því er nauðsynlegt að styrkja þetta ákvæði og setja inn takmörkun á birtingu auglýsinga sem tengjast klámi og kynlífsiðnaði. **Jafnframt því leggjum við til að jafnréttisráði verði til ráðgjafar fastanefnd skipuð þremur einstaklingum, auglýsinganefnd, sem hafi það hlutverk að fylgjast með því að auglýsingar brjóti ekki í bága við þetta ákvæði eða ákvæði 24. greinar.**

19. gr.

Menntun og skólastarf.

Á öllum skólastigum skal veita fræðslu um jafnréttismál, m.a. með því að leggja áherslu á að búa bæði kynin jafnt undir virka þátttöku í samfélaginu, fjölskyldulífi og atvinnulífi.

Í náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf í skólum skal leitast við að kynna bæði piltum og stúlkum störf sem hingað til hefur verið litið á sem hefðbundin karla- eða kvennastörf.

Gæta skal þess sérstaklega að kennslutæki og kennslubækur séu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað.

Efla skal rannsóknir á stöðu kynjanna í íslensku samfélagi, jafnt fræðilegar grunnrannsóknir sem hagnýtar rannsóknir, og miðla niðurstöðum þeirra markvisst innan skólastarfsins og til fjölmiðla.

Háskóli Íslands ber ábyrgð á framkvæmd 4. mgr. Að öðru leyti ber menntamálaráðherra ábyrgð á framkvæmd þessarar greinar og skal menntamálaráðuneytið fylgjast með þróun jafnréttismála í skóla- og uppeldisstarfi. Þá skal ráðuneytið fylgjast með að jafnréttis kynja sé gætt í íþrótt- og tómstundastarfi.

Alþýðusamband Íslands:

Í 5. mgr. 19. gr. er kveðið á um að Háskóli Íslands eigi að bera ábyrgð á rannsóknum á stöðu kynjanna í íslensku samfélagi. Hér er farið út á vafasama braut að mati ASÍ. Með þessu er í reynd verið að segja að ábyrgðin á þessum mikilvæga þætti varðandi jafnréttismálin eigi ekki að vera hjá félagsmálaráðherra, þrátt fyrir ákvæði 2. gr. frumvarpsins, heldur eigi að fela hana einnig tiltekinni stofnun á háskólastigi hér á landi.

Það er mat ASÍ að þessi nálgun sé röng og ekki í samræmi við meginanda frumvarpsins. Ábyrgðin á þessu starfi á að vera hjá Skrifstofu jafnréttismála fyrir hönd ráðherra, þótt að það sé að sjálfsögðu bæði æskilegt og nauðsynlegt að Háskóli Íslands eins og aðrar fræðslu- og rannsóknarstofnanir m.a. á háskólastigi s.s. Kennaraháskólinn og Háskólinn á Akureyri sinni öflugum rannsóknarstarfi á sviði jafnréttismála, bæði að tilhlutan stjórnvalda og fyrir eigið frumkvæði.

Í ljósi framanritaðs er lagt til að ákvæði 5. mgr. 19. gr. verði breytt og þannig að skyldur stjórnvalda séu skýrar um leið og vísað er til mikilvægis fræðilegrar umræðu og rannsóknna á þessu sviði sem víðast í skóla - og rannsóknasamfélaginu.

*Frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.
vinnuskjal félagsmálanefndar - ekki til dreifingar.*

Háskóli Íslands:

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 41/1999, um Háskóla Íslands, skal Háskóli Íslands vera vísindaleg rannsókn- og fræðslustofnun er veiti nemendum sínum menntun til að sinna sjálfstætt vísindalegum verkefnum og gegna ýmsum störfum í þjóðfélaginu. Starfsmenn Háskólans sem ráðnir eru til kennslu, vísinda- og fræðastarfa njóta akademísks frelsis þegar kemur að því að velja sér rannsóknarverkefni og stingur þetta nokkuð í stúf við það að fela Háskólanum með lögum sérstaklega þá ábyrgð á rannsóknum, sem að framan greinir.

Undirritaður leggst á hinn bóginn ekki gegn þessu ákvæði frumvarpsins en telur nauðsynlegt að ábyrgð Háskólans sé betur skilgreind og eins gagnvart hverjum hún sé. Einnig er mikilvægt að tryggja sé, að fjármagn fái til að unnt sé að standa undir þessari ábyrgð.

Jafnréttisnefnd Háskóla Íslands og Rannsóknastofa í Kvennafræðum:

Umsagnaraðilar fagna þeim nýmælum sem koma fram í 19. gr.

Sjá minnisblað með almennum athugasemdum frá félagsmálaráðuneyti, bls. 6.

20. gr.

Þátttaka í nefndum og ráðum á vegum hins opinbera.

Í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum ríkis og sveitarfélaga skulu, þar sem því verður við komið, sitja sem næst jafnmargar konur og karlar. Skal ávallt á það minnt þegar óskað er tilnefningar í hlutaðeigandi nefndir, ráð og stjórnir.

Mannréttindaskrifstofa Íslands:

Í 2. mgr. 21. gr. fyrra frumvarpsins var gert ráð fyrir því, að þar sem tilnefnt væri „...í nefndir, stjórnir eða ráð á vegum ríkis og sveitarfélaga skyldi tilnefna tvo, konu og karl ...“ og síðan gæta þess við skipan að skiptingin milli kynja væri sem jöfnust. Í nýja frumvarpinu er ekki svo markvisst ákvæði; einungis segir, að í slíkum nefndum, ráðum og stjórnnum skuli sitja sem næst jafnmargar konur og karlar, „...þar sem því verður við komið...“. Hér er greinilega verið að koma í veg fyrir afdráttarlausar framfarir í þessum efnun.

Jafnréttisráðgjafi Hafnarfjarðarbæjar:

Ákvæði 20. greinar frumvarpsins um nefndir og ráð er óbreytt frá núgildandi lögum. Ákvæði núgildandi laga hafa ekki tryggt jafna þátttöku kynjanna í nefndum og ráðum á vegum hins opinbera. Hluttur kvenna í nefndum og ráðum á sveitarstjórnarstigi er víða um 30% og hluttur kvenna í ráðherraskipuðum nefndum er einnig rýr í mörgum málaflokkum. Í frumvarpi til jafnréttislaga sem lagt var fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi var ákvæði 21. greinar svohljóðandi: **“Þar sem tilnefnt er í nefndir, stjórnir og ráð á vegum ríkis og sveitarfélaga skal tilnefna tvo, konu og karl. Við skipun skal þess síðan gætt að skipting milli kynja sé sem jöfnust.”** Við leggjum til að þessu verði bætt við 20. grein, auk þess sem sett verði ákvæði um viðmið, svohljóðandi: **“Miðað er við að hluttur hvors kyns fyrir sig sé ekki minni en 40% í nefndum, stjórnnum og ráðum á vegum ríkis og sveitarfélaga, eða 2:3 í fimm manna nefndum og ráðum, 3:4 í sjö manna nefndum o.s.frv.”**

Jafnréttisráð:

Meiri hluti Jafnréttisráðs telur að ákvæði frumvarpsins um skipan í opinberar nefndir, stjórnir og

*Frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.
vinnuskjal félagsmálanefndar - ekki til dreifingar.*

ráð sé á engan hátt fullnægjandi. Reglubundnar úttektir á hlut kynjanna í nefndum sýna að verulega hallar á konur. Það er markmið jafnréttis laga að vinna að jöfnum áhrifum kvenna og karla við stefnumótun og ákvarðanatöku, sbr. b lið 1. gr. frumvarpsins. Í nefndum eru teknar margar mikilvægar ákvarðanir og lagður grunnur að stefnumótun. Við skipun fulltrúa í verkefnanefndir ráðuneyti er auðvelt fyrir ráðherra að tryggja jöfnun. Það er hins vegar nánast útilokað þegar um er að ræða nefndir sem samtök og stofnanir í samfélaginu tilnefna fulltrúa í. Svo kölluð **tilnefningarleið** hefur skilað verulegum árangri í nágrannalöndum okkar. Því er lagt til að hún verði lögfest hér á landi sem almennt ákvæði en ekki aðeins varðandi tilnefningar í Jafnréttisráð. Í frumvarpinu sem lagt var fram á Alþingi á haustþingi var ákvæðið orðað svo:

Í nefndum, stjórnnum og ráðum á vegum ríkis og sveitarfélaga skal hlutfall kynja vera sem jafnast þar sem því verður við komið.

Þar sem tilnefnt er í nefndir, stjórnir og ráð á vegum ríkis og sveitarfélaga skal tilnefna tvo, konu og karl. Við skipun skal þess síðan gætt að skipting milli kynja sé sem jöfnust.

Tilnefningaraðila er heimilt að víkja frá ákvæðum 2. mgr. Ef sérstakar ástæður leiða til þess að illmögulegt er að framfylgja þeim. Skal tilnefningaraðili þá skýra ástæður þss.

Ákvæði 2. og 3. mgr. Fellur sjálfkrafa úr gildi að liðnum tíu árum frá gildistöku laga þessara.

Meirihluti Jafnréttisráðs telur brýnt að 21. gr. [sic] frumvarpsins verði breytt til samræmis við ofangreint. Fulltrúi Samtaka atvinnulífsins er á móti þessari tillögu.

Kvennréttindafélag Íslands:

KRFÍ telur ekki kveðið nægilega fast að orði varðandi jafna skiptingu kynjanna í nefndir, ráð og stjórnir. Auk þess er mjög mikilvægt að einnig sé tekið tillit til kynjahlutfalls við skipanir í nefndir en ekki einungis við tilnefningar.

Reykjavíkurborg - Jafnréttisráðgjafi:

Ákvæði 20. gr. um þátttöku í nefndum og ráðum á vegum hins opinbera er óbreytt frá núgildandi lögum. Ákvæði núgildandi laga hafa ekki tryggt jafnan hlut kynjanna. Til dæmis er hlutur kvenna í nefndum og ráðum á sveitarstjórnarstiginu aðeins um 30% þó Reykjavík skeri sig úr með 48% hlut kvenna séu aðal- og varamenn taldir saman, en 45% séu aðeins aðalmenn taldir. Þá virðist mikill misbrestur á að hið opinbera virði áminningarskyldu þegar óskað er tilnefninga. Í umfjöllun nefndar Sameinuðu þjóðanna (CEDAW) um framkvæmd Íslands á samningi um afnám allrar mismununar gagnvart konum dagana 17.-24. janúar 1996 var þeim tilmælum beint til íslensku ríkisstjórnarinnar að breyting verði gerð á jafnréttislögunum til að tryggja að hvort kyn eigi að minnsta kosti 40% fulltrúa í nefndum og ráðum. Er löggjafarvaldið hvatt til að verða við tilmælum nefndarinnar nú þegar tækifæri skapast við endurskoðun jafnréttislaganna.

Jafnréttisnefnd Háskóla Íslands og Rannsóknastofa í Kvennafræðum:

Að mati umsagnaraðila þarf að breyta 20. gr. Helsta ástæða þess að ekki er jöfn skipting kynja í stjórnarsýslunefndum er að tilnefningaraðilar tilnefna oftast karla. Þegar kemur að skipun í nefndir hefur stjórnvald ekki möguleika á að skipa í nefndina þannig að hlutfall kynjanna verði sem jafnast. Ákvæðið felur í sér mjög litlar byrðar umfram það sem leiðir af núgildandi lögum, en getur skapað grundvöll undir mun jafnari kynjaskiptingu í nefndum og sveitarfélögum.

Ákvæði hennar þarf að vera í samræmi við 2. mgr. 7. gr.: „Tilnefningaraðilar skulu nefna einn karl og eina konu til setu í Jafnréttisráði. Við skipun í ráðið skal þess gætt að hlutfall kynjanna verði

*Frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.
vinnuskjal félagsmálanefndar - ekki til dreifingar.*

sem jafnast.“ 20. gr. mætti því orða: „Þegar óskað er tilnefningar í stjórnarsýslunefndir skal ávallt tilnefna karl og konu fyrir hvern nefndarmann sem skipa skal. Verði þessu ekki við komið skal rökstuðningur fyrir því koma fram í tillögum til stjórnvalds. Stjórnvald skal ávallt leiðbeina um ákvæði 1. mgr., þegar óskað er tilnefningar í stjórnarsýslunefnd. Við skipun í stjórnarsýslunefndir skal þess gætt að hlutfall kynjanna verði sem jafnast.“

Sjá minnisblað með almennum athugasemdum frá félagsmálaráðuneyti, bls. 6.

21. gr.

Greining á tölfraeðtupplýsingum.

Í opinberri hagskýrslugerð um einstaklinga og í viðtals- og skoðanakönnunum skal greint á milli kynja við söfnun gagna, úrvinnslu þeirra og birtingu upplýsinga nema sérstakar ástæður, svo sem persónuverndarhagsmunir, mæli gegn því.

Samtök atvinnulífsins:

Samkvæmt 21. gr. frumvarpsins skal ávallt greint á milli kynja í opinberri hagskýrslugerð og í viðtals- og skoðanakönnunum. Það á ekki aðeins við um söfnun gagna og úrvinnslu þeirra heldur einnig birtingu upplýsinga. Þetta þýðir að engar upplýsingar af þessu tagi má birta án kyngreiningar. Þetta er of viðtæk skylda og ástæðulaus.

Jafnréttisnefnd Háskóla Íslands og Rannsóknastofa í Kvennafræðum:

Í stað orðalagsins „nema sérstakar ástæður, svo sem persónuverndarhagsmunir, mæli gegn því“ komi „enda skuli þess gætt að niðurstöður séu ávallt ópersónugreinanlegar.“

IV. KAFLI

Bann við mismunun á grundvelli kynferðis.

22. gr.

Almennt bann við mismunun.

Hvers kyns mismunun eftir kynferði, hvort heldur bein eða óbein, er óheimil.

Þó teljast sérstakar tímabundnar aðgerðir sem ætlaðar eru til að bæta stöðu kvenna eða karla til að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kynjanna ekki ganga gegn lögum þessum. Þá teljast aðgerðir til að auka möguleika kvenna eða karla sérstaklega til að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kynjanna ekki ganga gegn lögum þessum. Sama á við ef nauðsynlegt telst að ráða annað kynið vegna hlutlægra þátta er tengjast starfinu.

Það telst ekki mismunun að taka sérstakt tillit til kvenna vegna þungunar og barnsburðar.

Sjá minnisblað frá félagsmálaráðuneyti um Evrópurétt, bls. 2 og 4.

23. gr.

Bann við mismunun í kjörum.

Atvinnurekendur er óheimilt að mismuna starfsfólki sínu í launum og öðrum kjörum á grundvelli kynferðis þess.

Ef leiddar eru líkur að því að kona og karl sem starfa hjá sama atvinnurekanda njóti mismunandi launa eða annarra kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf skal atvinnurekandi sýna fram á, ef um mun er að ræða, að hann skýrist af öðrum þáttum en kynferði.

*Frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.
vinnuskjal félagsmálanefndar - ekki til dreifingar.*

Mannréttindaskrifstofa Íslands:

Í 2. mgr. 23. gr. nýja frumvarpsins er orðalag, sem virðist til bóta frá fyrra frumvarpinu. Í því fyrra hefst ákvæðið á orðunum: „Ef sýnt er fram á, að ...“ o.s.frv. en í því síðara segir: „Ef leiddar eru líkur á því, að ...“ o.s.frv. sem gerir minni kröfur til sönnunar af hálfu brotþola fyrir því að um mismunandi laun og önnur kjör sé að ræða, áður en sönnunarbyrðin snýst yfir á atvinnurekandann.

Sjá minnisblað frá félagsmálaráðuneyti um Evrópurétt, bls. 1 og 5.

24. gr.

Bann við mismunun við ráðningu og í vinnuskilyrðum.

Atvinnurekendum er óheimilt að mismuna umsækjendum um starf á grundvelli kynferðis. Sama gildir um stöðuhækkun, stöðubreytingar, endurmenntun, starfsþjálfun, námsleyfi, uppsögn, vinnuáðstæður og vinnuskilyrði starfsmanna.

Óheimilt er að auglýsa eða birta auglýsingu um laust starf þar sem gefið er í skyn að fremur sé óskað starfsmanns af öðru kyninu en hinu. Þetta ákvæði gildir ekki ef tilgangur auglýsandans er að stuðla að jafnari kynjaskiptingu innan starfsgreinarinnar og skal það þá koma fram í auglýsingunni. Sama á við ef gild rök mæla með því að einungis sé auglýst eftir öðru kyninu.

Ef leiddar eru líkur að beinni eða óbeinni mismunun vegna kynferðis við ráðningu, setningu eða skipun í starf, stöðuhækkun, stöðubreytingar, endurmenntun, starfsþjálfun, námsleyfi, uppsögn, vinnuáðstæður eða vinnuskilyrði skal atvinnurekandi sýna fram á að aðrar ástæður en kynferði hafi legið til grundvallar ákvörðun hans.

Jafnréttisráðgjafi Hafnarfjarðarbæjar:

Í 24. grein laganna er það nýmæli að undanþága er veitt frá banni við að óska aðeins eftir öðru kyninu í auglýsingu um starf, ef “gild rök mæla með því að einungis sé auglýst eftir öðru kyninu.” Í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins er vísað í tilskipun Evrópusambandsins um sönnunarbyrði í málum sem varða mismunun vegna kynferðis. Hér er um hættulega opnun að ræða og nauðsynlegt að orða greinina skýrar með nánari skilgreiningu á þessu ákvæði, eins og gert er í athugasemdunum.

Sjá minnisblað með almennum athugasemdum frá félagsmálaráðuneyti, bls. 7.

Sjá minnisblað frá félagsmálaráðuneyti um Evrópurétt, bls. 2 og 5.

25. gr.

Bann við uppsögnum.

Atvinnurekanda er óheimilt að segja starfsmanni upp störfum sökum þess að hann hafi krafist leiðréttingar á grundvelli laga þessara.

Atvinnurekandi skal jafnframt gæta þess að starfsmaður verði ekki beittur óréttlæti í starfi, svo sem með tilliti til starfsöryggis, starfskjara eða mats á árangri, á grundvelli þess að hafa kært kynferðislega áreitni eða kynjamismunun.

Ef leiddar eru líkur að því að gengið hafi verið gegn ákvæði þessu skal atvinnurekandi sýna fram á að uppsögn eða meint óréttlæti grundvallist ekki á leiðréttingarkröfu starfsmanns eða kæru um kynferðislega áreitni eða aðra kynjamismunun. Þetta gildir ekki ef uppsögnin á sér stað meira en einu ári eftir að starfsmaðurinn setti fram leiðréttingarkröfu á grundvelli laga þessara.

*Frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.
vinnuskjal félagsmálanefndar - ekki til dreifingar.*

Mannréttindaskrifstofa Íslands:

Í báðum frumvörpunum er ákvæði, sem verður að telja varasamt, þ.e. samhljóða lokasetningar 25. gr. þeirra beggja. Það gefur til kynna, að sé starfsmanni sagt upp starfi ári eftir að hann krefst leiðréttingar á grundvelli jafnréttislaga, þurfi atvinnurekandinn ekki að sýna fram á að „uppsögn eða meint óréttlæti grundvallist ekki á leiðréttingarkröfu starfsmanns eða kærðu um kynferðislega áreitni eða aðra kynjamismunun“. Með hliðsjón af reynslu liðinna ára af viðbrögðum stjórnenda við kærnum starfsmanna um brot á jafnréttislögum er viðbúið, að þetta ákvæði muni enn draga úr viðleitni starfsmanna til að leita réttar síns vegna jafnréttisbrota.

Jafnréttisnefnd Háskóla Íslands og Rannsóknastofa í Kvænnafræðum:

Að mati umsagnaradila er síðasta mgr. 25. gr. athugasemdi. Samkvæmt henni getur yfirmaður beðið í eitt ár þar til hann segir upp starfsmanni sem farið hefur fram á leiðréttingakröfur á grundvelli laganna. Auk þess er lagt til að bætt verði við greinina ákvæði þess efnis að ósk starfsmanns um leiðréttingu á kjörum, geti aldrei verið lögmat ástæða uppsagnar.

Í samræmi við 17. gr. er lagt til að orðalagi 2. mgr. verði breytt þannig að í stað „hafa kært“ komi „hafa ásakað.“

Sjá minnisblað með almennum athugasemdum frá félagsmálaráðuneyti, bls. 2.

Sjá minnisblað frá félagsmálaráðuneyti um Evrópurétt, bls. 5.

26. gr.

Menntun.

Í skólum og öðrum mennta- og uppeðisstofnunum er hvers konar mismunun á grundvelli kynferðis óheimil. Skyld er að gæta þessa í námi og kennslu, starfsháttum og daglegri umgengni við nemendur.

Skólastjórnandi skal gæta þess að nemandi sé ekki látinn gjalda þess að hafa kært kynferðislega áreitni eða kynjamismunun.

Jafnréttisnefnd Háskóla Íslands og Rannsóknastofa í Kvænnafræðum:

Í samræmi við 17. gr. er lagt til að orðalagi 2. mgr. verði breytt þannig að í stað „hafa kært“ komi „hafa ásakað“.

27. gr.

Bann við afsali réttar.

Óheimilt er að afsala sér þeim réttindum sem kveðið er á um í lögum þessum.

V. KAFLI

Viðurlög.

28. gr.

Bætur fyrir fjártjón og miska.

Sá sem af ásettu ráði eða vanrækslu brýtur gegn lögum þessum er skaðabótaskyldur samkvæmt almennum reglum. Enn fremur má dæma hlutaðeigandi til að greiða þeim sem misgert er við, auk bóta fyrir fjártjón ef því er að skipta, bætur vegna miska.

Sjá minnisblað með almennum athugasemdum frá félagsmálaráðuneyti, bls. 7.

*Frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.
vinnuskjal félagsmálanefndar - ekki til dreifingar.*

29. gr.

Sektir.

Brot gegn 13.–15. gr., 17.–18. gr. og 22.–25. gr. laganna varða sektum sem renna í ríkissjóð.

Mannréttindaskrifstofa Íslands:

Í báðum frumvörpunum er innleitt sérstakt refsíákvæði vegna brota á jafnréttislögum, þau skulu varða sektum. Það vekur þá spurningu, hvort gert sé ráð fyrir að slík brot skuli kærð til lögreglu, sem rannsaki þau og hinir brotlegu skuli hugsanlega sæta opinberri ákæru eða hvort ætlast er til að dómstólar kveði upp úr um sektir í ríkissjóð í einkamálum.

Samtök atvinnulífsins:

Það er nánast einsdæmi að sektarákvæði séu í lögum einkaréttarlegs eðlis. Hvað þá að refsing sé lögð við brotum gegn almennum óskilgreindum skyldum fyrirtækja eins og hér er lagt til, sbr. 13. og 17. gr. Að mati SA veita bótaskylduákvæði frumvarpsins starfsmönnum fullnægjandi vernd. Með sektarákvæðunum er enn stefnt að því að auka bilið milli meðferðar jafnréttismála og annarra mála er varða samskipti starfsmanna og vinnuveitenda. **SA leggst því eindregið gegn lögfestingu sektarákvæðis 29. gr.**

Sjá minnisblað með almennum athugasemdum frá félagsmálaráðuneyti, bls. 7.

Sjá minnisblað frá félagsmálaráðuneyti um refsingar við brot á lögum.

VI. KAFLI

Önnur ákvæði.

30. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Falla þá jafnframt úr gildi lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 28/1991, ásamt síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara fær núverandi Jafnréttisráð ný verkefni, sbr. 8. gr., og starfar þar til nýtt Jafnréttisráð hefur verið skipað, sbr. 7. gr.

Við gildistöku laganna fellur niður umboð núverandi kærunefndar jafnréttismála. Félagsmálaráðherra skal skipa kærunefnd jafnréttismála sem tekur við verkefnum fráfarandi nefndar. Við gildistöku laganna skal ráðherra skipa einn fulltrúa kærunefndar jafnréttismála, án tilnefningar, til þriggja ára. Hæstiréttur skal tilnefna tvo fulltrúa, formann til fjögurra ára og varaformann til tveggja ára. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

geti numið 0,5–1,0 m.kr. á ári.

Almennar athugasemdir:

Mannréttindaskrifstofa Íslands:

Í heild verður að segja, að þrátt fyrir ýmsa kosti veldur hið nýja frumvarp til jafnréttislaga

*Frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.
vinnuskjal félagsmálanefndar - ekki til dreifingar.*

verulegum vonbrigðum þeim sem sjá vilja aukna jafnstöðu kynjanna hér á landi. Það litla bit, sem verið hefur í núgildandi lögum, er slævt og sú tilraun, sem gerð var í fyrra frumvarpinu til að efla löggjöfina sem baráttutæki, er í mikilvægum atriðum að engu gerð í því síðara. Frumvarpið ber öll merki þeirrar stefnu, að sem minnstum fjármunum skuli varið til að fylgja lögunum eftir. Er því ástæða til að hvetja alþingismenn til að taka frumvarpið til endurskoðunar að nýju og gefa því á ný þann slagkraft sem nauðsynlegur er til að hraða þróuninni í átt til jafnræðis íslenskra karla og kvenna.

Jafnréttisráð:

Jafnréttisráð telur að frumvarpið, verði það að lögum, muni almennt styrkja það starf sem fram fer að jafnrétti kynja í samfélaginu. Ráðið fagnar því endurskoðun og framlagningu frumvarpsins. Jafnframt telur ráðið að frumvarpið, verði það lögum, muni betur en gildandi lög vernda einstaklinga gegn mismunun vegna kynferðis. Ákvæði er varða réttindi og skyldur einstaklinga, fyrirtækja og stofnana eru ítarlegri. Meirihluti ráðsins telur það hafa sýnt sig að jafnréttisáætlanir fyrirtækja og stofnana geta skilað árangri ef vel er að málum staðið. Það er því fagnaðarefni að mati meirihluta ráðsins að lagt skuli til, að öllum stærri fyrirtækjum verði gert að vinna og starfa í samræmi við slíka áætlun. Hins vegar má ætla að hér sé um að ræða ákvæði sem meta þarf árangur af að nokkrum árum liðnum og mögulega styrkja eftirfylgni. Fulltrúi Kvenréttindafélags Íslands óskaði að fram kæmi að félagið hefði ákveðnar efasemdir um hvort rétt væri að skylda fyrirtæki til að gera jafnréttisáætlanir. Fulltrúi Samtaka atvinnulífsins er mótfallinn því að fyrirtækjum sé gert skylt að gera jafnréttisáætlanir.

Jafnréttisráð vill vekja athygli á því að það telur umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins með öllu óraunhæfa. Ljóst er að með því að gera Jafnréttisráð, kærunefnd og Skrifstofu jafnréttismála að þremur sjálfstæðum og óháðum stjórnsýslueiningum mun grunnkostnaður vegna rekstur aukast. Þá er ljóst að ýmis ákvæði frumvarpsins kalla eftir auknu fjármagni.

Jafnréttisnefnd Kópavogs:

Jafnréttisnefnd Kópavogs tekur undir að nýtt frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla hafi verið tímabært, sér í lagi með tilliti til þess að núgildandi lög hafa ekki skilað þeim árangri sem vænst var við setningu þeirra. Á hinn bóginn telur jafnréttisnefndin að þótt margt horfi vissulega til betri vegar í umræddu frumvarpi, s.s. III kafli um réttindi og skyldur, þ.m.t. sérstök grein um kynferðislega áreitni, IV kafli um bann við mismunun á grundvelli kynferðis og V kafli um viðurlög, megi færa gild rök fyrir að ýmis ákvæði þess vinni beinlínis gegn því að ofangreindu markmiði verði náð.

Jafnréttisnefnd Kópavogs hefur jafnframt almenna athugasemd fram að færa við þá tilhögun sem helstu stofnunum á sviði jafnréttismála verður gert að lúta, verði frumvarpið að lögum. Eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu hafa á hinum Norðurlöndunum lög um jafnstöðu kynjanna og opinber skipan jafnréttismála verið til endurskoðunar, með það fyrir augum að gera árangur jafnréttisstarfsins meiri og sýnilegri. Þessi endurskoðun hefur í flestum tilvikum leitt af sér formlegan aðskilnað á milli annars vegar hins pólitíska þáttar jafnréttismálanna og hins vegar hins faglega.

Að mati Jafnréttisnefndar Kópavogs tekur sú tilhögun sem frumvarpið gerir ráð fyrir, ekki nægilegt tillit til hvorki hins pólitíska eðlis jafnréttismálanna né þeirrar staðreyndar að sem málaflokkur tvinnast þau saman við öll svið samfélagsins. Aukinn árangur í jafnréttismálum er meginmarkmið nýrrar löggjafar um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Jafnréttisnefnd Kópavogs telur líklegra að slíkt markmið náist ef Jafnréttiráð yrði skipað fulltrúum þeirra

*Frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.
vinnuskjal félagsmálanefndar - ekki til dreifingar.*

stjórnmalaflokka sem eiga sæti á alþingi. Nefndin telur jafnframt að starfssvið þess eigi að vera almennt en ekki einskorðað við eitt afmarkað svið þjóðfélagsins. Jafnframt teljum við afar mikilvægt að Skrifstofa jafnréttismála starfi einvörðungu sem sjálfstæður og leiðandi fagaðili á sviði jafnréttismála í framtíðinni.

Kærunefnd jafnréttismála:

Kærunefnd er þeirrar skoðunar að sú kaflaskipting sem lögð er til í frumvarpinu, sé bæði nákvæmari og efnislega réttari en sú kaflaskipting sem er í núgildandi lögum. Þá er í frumvarpinu ítarlegar fjallað um réttindi og skyldur einstaklinga, fyrirtækja og stofnana og hvaða athafnir og ákvarðanir teljist brot. Frumvarpið, verði það að lögum, er því almennt til þess fallið að skýra betur en núgildandi lög réttindi og skyldur einstaklinga, fyrirtækja og stofnana. Það mun því bæði auðvelda beitingu einstakra ákvæða og veita atvinnurekendum betri leiðbeiningar um hvort ákvarðanir sem til stendur að taka samrýmist lögumum.

Karlanefnd Jafnréttisráðs:

Karlanefnd sýnist að vel hafi til tekist varðandi starf umboðsmanns Alþingis og umboðsmanns barna og e.t.v. væri það skynsamleg leið til að auka vægi málaflokksins að skipa umboðsmann jafnréttismála.

Samtök atvinnulífsins:

Jafnframt er rétt að áréttta að samtökin telja mikilvægt frá sjónarhóli atvinnulífsins að konur hafi í reynd sömu tækifæri og njóti sömu réttinda og karlar á vinnumarkaði. Harðari eða ónauðsynlegar lagareglur leiða ekki sjálfkrafa til þess. Augljóst er hins vegar að fyrirtæki sem er umhugað um eigin arðsemi sækjast jafnan eftir sem bestum starfskröftum án tillits til kynferðis og verða jafnframt að gæta jafnræðis milli kynja við launaákvarðanir.

Jafnréttisráðgjafi Hafnarfjarðarbæjar:

Í 9. grein frumvarpi til jafnréttislaga sem lagt var fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi var ákvæði um að boðað væri til jafnréttisþings á tveggja ára fresti. Jafnréttisþing er hugsað sem samstarfsvettvangur allra þeirra sem vinna að jafnréttismálum. Að fenginni reynslu teljum við nauðsynlegt að auka samstarf þeirra stofnana, félagasamtaka og sveitarfélaga sem starfa að jafnréttismálum. Því leggjum við til að 9. grein áðurnefnds frumvarps verði felld inn það frumvarp sem nú liggur fyrir, að undanskildum þeim lið sem fjallar um kosningu til jafnréttisráðs.

Reykjavíkurborg - Jafnréttisráðgjafi:

Æskilegt væri að um leið og skrifstofa jafnréttismála fær aukið hlutverk og verkefni og verður undirstofnun félagsmálaráðuneytisins verði jafnframt skapaður sjálfstæður vettvangur þar sem aðilar sem starfa að jafnréttismálum á báðum stjórnsýslustigum, hagsmunasamtök, frjáls félagasamtök sem hafa jafnrétti kynja að markmiði, fræðimenn og fleiri slíkir geti mæst á faglegum grunni. Jafnréttisþing á tveggja ára fresti, sambærilegt við það sem gert var ráð fyrir í frumvarpi til nýrra jafnréttislaga sem lagt var fram á 123. löggjafarþingi, væri vel til þess fallið. Er eftirsjá að þeirri hugmynd, einkum þar sem hlutverk Jafnréttisráðs samkvæmt frumvarpinu mun þrengjast. Hér má vísa til þess að um nokkurra ára skeið hafa jafnréttisnefndir sveitarfélaga haldið landsfund jafnréttisnefnda árlega, en sá fundur hefur verið eini vattvangur nefndanna til að ráða ráðum sínum og efla umræðu innan nefndanna um hlutverk og skyldur jafnréttisnefnda sveitarfélaganna. Þessi landsfundur er háður frumkvæði einstakra nefnda sem taka að sér að halda hann hverju sinni og

*Frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.
vinnuskjal félagsmálanefndar - ekki til dreifingar.*

er með þeim annmarka að vera illa sóttur af nefndum þeirra sveitarfélaga þar sem jafnréttisstarf hefur staðið hvað veikast. Þrátt fyrir að landsfundirnir hafi nýst öflugustu nefndunum nokkuð vel er mikilvægt að styrkja samráð nefndanna með því að skapa þeim formlegan vettvang. Jafnréttisþing með lögbundinni aðild jafnréttisnefnda sveitarfélaga myndi nýtast til þess. Verður nánar vikið að jafnréttisnefndum sveitarfélaga síðar í umfjöllun um 10. gr. frumvarpsins.

Eftirgreindir aðilar gera ekki efnislegar athugasemdir við frumvarpið:

Samband Ísl. viðskiptabanka.

Jafnréttisnefnd Hvolhrepps.

Ungmennafélag Íslands.

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands.

EYÞING - Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum.